

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/1214****2030/EES/376/08****frá 9. mars 2022**

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 að því er varðar atvinnustarfsemi tiltekinna orkugeira og framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 að því er varðar sérstaka opinbera birtingu upplýsinga fyrir þessa atvinnustarfsemi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 ⁽¹⁾, einkum 8. gr. (4. mgr.), 10. gr. (3. mgr.) og 11. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tæknileg matsviðmið sem sett eru fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 ⁽²⁾ ná yfir ýmsar atvinnugreinar og starfsemi í atvinnulífinu sem geta mögulega stuðlað að markmiðum Sambandsins um mótvægi við loftslagsbreytingar og aðlögun að loftslagsbreytingum. Þessar atvinnugreinar og starfsemi voru valin vegna hlutdeildar þeirra í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og staðfesta möguleika þeirra til að komast hjá losun gróðurhúsalofttegunda, til samdráttar á slíkri losun eða til upptöku á slíkri losun. Auk þess hafa þessar atvinnugreinar og starfsemi staðfesta möguleika til að stuðla að því að komist verði hjá slíkri losun, að samdrætti og upptöku hjá öðrum atvinnugreinum og starfsemi eða til að tryggja langtímageymslu slíkrar losunar hjá öðrum geirum og starfsemi.
- 2) Rekja má um 75% af beinni losun gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu til heildarorkunotkunar. Því gegnir orkugeirinn mikilvægu hlutverki við að halda áfram að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þau tæknilegu matsviðmið sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 ná því yfir margvíslegar atvinnugreinar og starfsemi sem tengjast orkuframboðskeðjunni, allt frá framleiðslu rafmagns eða varma frá mismunandi uppsprettum yfir flutnings- og dreifikerfi til geymslu, sem og varmadætur og framleiðslu á lífgasi og lífoldsneyti. Framseld reglugerð (ESB) 2021/2139 inniheldur þó ekki tæknileg matsviðmið fyrir atvinnustarfsemi í jarðgas- og kjarnorkugeirunum þrátt fyrir að þau geti stuðlað að afkolun í hagkerfi Sambandsins.
- 3) Eins og sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 21. apríl 2021 („Flokkunarkerfi ESB, skýrslugjöf um sjálfbærni fyrirtækja, óskir um sjálfbærni og fjárvörsluskyldur: Fjármagni beint í átt að grænu samkomulagi í Evrópu“ (e. *EU Taxonomy, Corporate Sustainability Reporting, Sustainability Preferences and Fiduciary Duties: Directing finance towards the European Deal*)) og í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 6. júlí 2021 („Áætlun um fjármögnun umskipta yfir í sjálfbært hagkerfi“ (e. *Strategy for Financing the Transition to a Sustainable Economy*)) var

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 188, 15.7.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2023 frá 13. Júní 2023 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 87, 30.11.2023, bls. 31.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 frá 4. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum og til að ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum (Stjtið. ESB L 442, 9.12.2021, bls. 1).

Því frestað að koma á tæknilegum matsviðmiðum fyrir orkuframleiðslu úr jarðgasi í ljósi þess að þörf er á frekara tæknimati, einkum að því er varðar umbreytingarhlutverk jarðgass við afkolun í hagkerfinu ⁽³⁾. Einnig var setningu tæknilegra matsviðmiða fyrir starfsemi við framleiðslu kjarnorku frestað meðan beðið var eftir ítarlegu faglegu mati, sem hleypt var af stokkunum 2020, á því hvort líta megi svo á að vistferill kjarnorku, einkum kjarnorkuúrgangur, samrýmist þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, um að starfsemi geti ekki skaðað önnur umhverfismarkmið verulega. Í ljósi þessa mats er nauðsynlegt að viðurkenna að starfsemi við framleiðslu á jarðgasi og kjarnorku getur stuðlað að afkolun í hagkerfi Sambandsins.

- 4) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 sem nær yfir umbreytingaratvinnustarfsemi er nauðsynlegt að mæla fyrir um tæknileg matsviðmið fyrir raforkuframleiðslu, samþætta vinnslu varma/kælingar með góða orkunýtni og framleiðslu á varma/kælingu í orkunýtnum fjarhitunar- og -kælikerfum með jarðgasi þar sem losun gróðurhúsalofttegunda úr jarðgasi er undir viðeigandi viðmiðunarmörkum. Auk þess er nauðsynlegt að mæla fyrir um tæknileg matsviðmið fyrir notkun jarðefnagass við raforkuframleiðslu, samþætta vinnslu varma/kælingar með góða orkunýtni og framleiðslu varma/kælingar í skilvirkum fjarhitunar- og -kælikerfum, þar sem slík raforkuframleiðsla, samþætt vinnsla varma/kælingar með góða orkunýtni og framleiðsla varma/kælingar í skilvirkum fjarhitunar- og -kælikerfum uppfylla ekki enn viðeigandi viðmiðunarmörk, þar sem umskiptin krefjast verulegs samdráttar á losun gróðurhúsalofttegunda í öðrum atvinnugreinum og starfsemi þar sem ekki eru til staðar aðrir tæknilega og efnahagslega framkvæmanlegir lágkolefnisvalkostir, auk notkunar á loftslagshlutlausri orku og fleiri fjárfestingum í atvinnustarfsemi og geira sem nú þegar losa lítið af kolefni. Öll þessi atvinnustarfsemi ætti að flokkast sem umbreytingarstarfsemi skv. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þar sem tæknilega og efnahagslega framkvæmanlegir lágkolefnisvalkostir fást e.t.v. ekki enn á almennum markaði í nægilega stórum stíl til að mæta orkuþörf á samfelldan og áreiðanlegan hátt. Einkum þykir rétt að kveða á um aðra aðferð við að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda við raforkuframleiðslu með beinum hætti. Samkvæmt þessari annari aðferð, sem ætti að skila svipuðum niðurstöðum yfir 20 ára tímabil, geta stöðvar náð slíkum niðurstöðum með því að takmarka fjölda klukkustunda í rekstri eða með því að skipta fyrir yfir í endurnýjanlegt gas eða lágkolefnisgas. Tæknileg matsviðmið ættu að greiða fyrir að flýtt sé fyrir því ferli að hætta í áföngum að nota losunarfreka orkugjafa, þ.m.t. jarðefnaeldsneyti í föstu formi. Til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 ættu tæknileg matsviðmið fyrir notkun á jarðgasi þar að auki að tryggja að traustar vísbendingar séu fyrir hendi sem sýna fram á að ekki sé hægt að framleiða sama magn af orku með endurnýjanlegum orkugjöfum og að skilvirkar áætlanir séu gerðar fyrir hverja stöð, í samræmi við bestu frammistöðu í geiranum, um að skipta alfarið yfir í endurnýjanlega orkugjafa eða gas með lítilli kolefnislosun fyrir tiltekna dagsetningu. Að lokum skal í tæknilegum matsviðmiðum kveða á um tímabundna viðurkenningu á framlagi þessarar starfsemi til afkolunar.
- 5) Endurnýjanlegir orkugjafar munu gegna mikilvægu hlutverki við að uppfylla markmið Sambandsins í loftslags- og umhverfismálum. Í því ljósi þarf að auka hlutdeild fjárfestinga í endurnýjanlegum orkugjöfum til að uppfylla þarfir orkumarkaðar Sambandsins fyrir endurnýjanlegri og hreinni orku.
- 6) Starfsemi sem tengist kjarnorku felur í sér litla losun kolefnis, hún samanstendur ekki af orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum eins og skilgreint er í annari undirgrein 1. liðar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 ⁽⁴⁾ og eins og um getur í a-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 og fellur ekki undir aðra flokka atvinnustarfsemi sem eru tilgreindir í b- til i-liðum þess ákvæðis. Slík atvinnustarfsemi sem tengist kjarnorku ætti að uppfylla skilyrði skv. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, ef ekki eru fyrir hendi tæknilega og efnahagslega framkvæmanlegir lágkolefnisvalkostir í nægilega stórum stíl til að mæta orkuþörf á samfelldan og áreiðanlegan hátt. Að auki segir í lokaskýrslu tæknisérfræðingahópsins um sjálfbæra fjármögnun frá mars 2020 ⁽⁵⁾ að „framleiðsla kjarnorku losi nánast engar gróðurhúsalofttegundir á orkuvinnslustigi“ og „vísbendingar um mögulega verulegt framlag kjarnorku til markmiða um mótvægi við loftslagsbreytingar voru yfirlýsingar miklar og skýrar“. Enn fremur fela áætlanir nokkurra

⁽³⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 21. apríl 2021 til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, flokkunarkerfi ESB, skýrslugjöf um sjálfbærni fyrirtækja, óskir um sjálfbærni og fjárvörsluskyldur: Fjármagni beint í átt að grænu samkomulagi í Evrópu (e: *Directing finance towards the European Green Deal*, COM(2021) 188 lokagerð) og orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 6. júlí 2021 til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar, Áætlun um fjármögnun umskipta yfir í sjálfbært hagkerfi (e: *Strategy for Financing the Transition to a Sustainable Economy*, COM(2021) 390 lokagerð).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).

⁽⁵⁾ Skýrsla tæknisérfræðingahópsins er aðgengileg á: https://ec.europa.eu/info/sites/default/files/business_economy_euro/banking_and_finance/documents/200309-sustainable-finance-teg-final-report-taxonomy_en.pdf

aðildarríkja í sér kjarnorku ásamt endurnýjanlegri orku í þeim orkugjöfum sem nota á til að uppfylla loftslagsmarkmið, þ.m.t. markmið um afkolun árið 2050 sem sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ⁽⁶⁾. Að lokum stuðlar kjarnorka að nýtingu ósamfelldra endurnýjanlegra orkugjafa og hindrar ekki þróun þeirra, eins og krafist er í b-lið 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, með því að sjá fyrir stöðugu grunnlagi á orkuafhendingu. Starfsemi sem tengist kjarnorku ætti því að teljast uppfylla ákvæði 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

- 7) Niðurstaða vísindalegrar endurskoðunar sérfræðinga ⁽⁷⁾ var sú að tæknileg matsviðmið fyrir kjarnorkutengda atvinnu-starfsemi ættu að tryggja að ekki hljótist verulegt tjón á öðrum umhverfismarkmiðum vegna hugsanlegrar áhættu við langtímageymslu og endanlega förgun kjarnorkuúrgangs. Þessi tæknilegu matsviðmið ættu því að endurspegla ýrtruðu kröfur um kjarnorkuöryggi, geislavarnir og meðhöndlun geislavirks úrgangs, sem byggjast á kröfum sem mælt er fyrir um í stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu („KBE-sáttmálanum“) og í löggjöf sem samþykkt var samkvæmt þeim sáttmála, einkum tilskipun ráðsins 2009/71/KBE ⁽⁸⁾. Í tilskipuninni er að finna strangt kjarnorkuöryggismarkmið sem tekur til allra áfanga vistferils sérhvers kjarnorkuvirkis, þ.m.t. staðsetningar, hönnunar, smíði, gangsetningar, rekstrar og lokunar slíkra virkja. Í þeirri tilskipun er einkum hvatt til umtalsverðra öryggisumbóta við hönnun nýrra kjarnakljúfa, þ.m.t. svokallaðra kljúfa III.+ kynslóðar (e. *Generation III+ reactors*), þar sem nota ætti nýjustu tækni og kunnáttu, að teknu tilliti til nýjustu alþjóðlegra öryggiskrafna. Í þessum kröfum er kveðið á um skilvirka framkvæmd kjarnorku-öryggismarkmiðsins, þ.m.t. beitingu meginreglu um ítarlegar varnir og skilvirka öryggismenningu. Þessar kröfur tryggja að áhrif af afar mikilli hættu af mannavöldum og náttúruvá, þ.m.t. jarðskjálftum og flóðum, séu lágörkuð og að komið sé í veg fyrir slys, óeðlilega starfrækslu og bilanir eða tap á stjórnbúnaði, m.a. með hlífðarvirkjum eða varakælikerfum og -rafveitukerfum.
- 8) Slysahlið eldsneyti fyrir kjarnorkuver, sem veitir viðbótarvernd gegn slysum af völdum skemmda á brennslustöngum eða íhlutum kjarnakljúfa, er orðið fánlegt á markaðnum. Til að taka tillit til þessarar nýlegru tækniþróunar ætti að setja fram kröfu um notkun á þessari tegund eldsneytis í tæknilegum matsviðmiðum, að teknu tilliti til leyfisveitingar innan Sambandsins.
- 9) Átak á sviði rannsókna og þróunar stendur yfir víðs vegar um heiminn til að þróa nýja kjarnakljúfatækni þar sem m.a. eru notaðar lokaðar eldsneytishringrásir eða hugtök fyrir sjálfmyndandi eldsneytistegundir sem lágmarka framleiðslu á mjög geislavirkum úrgangi („IV. kynslóð kjarnakljúfa“). Þótt þessi IV. kynslóð kjarnakljúfa sé ekki enn orðin markaðsvænleg ætti að mæla fyrir um tæknileg matsviðmið fyrir slíka kjarnakljúfa í ljósi þess að þeir gætu hugsanlega stuðlað að því að ná markmiðinu um afkolun og að draga úr geislavirkum úrgangi.
- 10) Kjarnorka er einn af framtíðarorkugjöfum í fjölda aðildarríkja og er hluti af átaki þeirra til afkolunar. Þær sviðsmyndir sem framkvæmdastjórnin lagði mat á leiddu til afkolaðs orkukerfis sem byggist að mjög miklu leyti á endurnýjanlegum orkugjöfum og á kjarnorku með stöðuga uppsetta afkastagetu samanborið við núverandi gildi. Þar eð kjarnorkuvirkin sem nú eru í notkun eldast þurfa þau á öryggisuppfærslum að halda til að lengja endingartíma og einnig er þörf á nýjum kjarnorkuvirkjum til að leysa úrelt kjarnorkuvirki af hólmi. Þetta er samfellt ferli sem ætti að tryggja að nauðsynleg afköst séu tiltæk fyrir afkolun í orkukerfinu eigi síðar en 2050 og eftir þá dagsetningu, eftir því sem þörf krefur. Til samræmis við það verður þörf á verulegum fjárfestingum í kjarnorku á öllu tímabilinu fram til ársins 2050 og lengur. Nauðsynlegt er að tryggja að ný kjarnorkuver noti þær þróuðustu lausnir sem tækniframfarir hafa leitt af sér. Tæknileg matsviðmið fyrir slík ný kjarnorkuver ættu því að fela í sér reglulega endurskoðun á sérhverju fjárfestingarverkefni og tæknilegum mæliþáttum sem samsvara bestu aðgengilegu tækni með tilliti til niðurstaðna langtímarannsóknar- og þróunarstarfs og stöðugra endurbóta á tækni. Tiltæknar dagsetningar skulu tilgreindar til að tryggja að ný tækni, sem er samrýmanleg við sjálfbæra afkolun, sé tekin í notkun í áföngum um leið og hún verður aðgengileg.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtið. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

⁽⁷⁾ Skýrsla sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar: Tæknimat á kjarnorku að því er varðar viðmiðanir um „valda ekki verulegu tjóni“ í reglugerð (ESB) 2020/852 („reglugerð um flokkunarkerfið“) er aðgengilegt á: https://ec.europa.eu/info/file/210329-jrc-report-nuclear-energy-assessment_en

⁽⁸⁾ Tilskipun ráðsins 2009/71/KBE frá 25. júní 2009 um ramma Bandalagsins um öryggi kjarnorkuvirkja með tilliti til kjarnorku (Stjtið. ESB L 172, 2.7.2009, bls. 18).

- 11) Í II. viðauka við KBE-sáttmálann og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 2587/1999 ⁽⁹⁾ eru settar fram viðmiðunarfjárhæðir og aðrar kröfur um tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar um fjárfestingar í kjarnorku. Í þeim tilgangi að uppfylla flokkunarmarkmið og tryggja að fyllsta mögulegt tillit sé tekið til meginreglna og krafna í löggjöf KBE, þ.m.t. markmiðs um kjarnorkuöryggi, ættu slíkar fjárfestingar að falla undir álit framkvæmdastjórnarinnar, án tillits til þess hvort þörf sé á tilkynningu skv. II. viðauka við KBE-sáttmálann og reglugerð (KBE) nr. 2587/1999. Af sömu ástæðu ætti að fjalla á fullnægjandi hátt um öll atriði varðandi beitingu 2. mgr. 10. gr. og 17. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 og tæknileg matsviðmið sem framkvæmdastjórnin tilgreindi í álitinu.
- 12) Í ljósi langs frests fyrir fjárfestingar í nýrri framleiðslugetu kjarnorku getur framlenging þjónustutíma valinna fyrirbyggjandi kjarnorkuvirkja stutt við afkolun orkukerfisins á næstunni til meðallangs tíma. Tæknileg matsviðmið fyrir slíkar framlengingar ættu þó að útheimta breytingar og uppfærslur á öryggisþáttum til að tryggja að þessi kjarnorkuvirki uppfylli þá ströngustu staðla um öryggi sem unnt er að ná og allar kröfur um öryggismarkmið sem mælt er fyrir um í löggjöf sem er samþykkt samkvæmt KBE-sáttmálanum.
- 13) Í ljósi væntanlegrar þróunar á sviði tækni og vísinda ættu fjárfestingar í smíði og öruggum rekstri nýrra kjarnorkuvirkja, þar sem notuð er besta aðgengilega tækni og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa samþykkt fyrir viðeigandi dagsetningu í samræmi við gildandi landslög, að falla undir tæknileg matsviðmið og tímamörk sem munu hvetja til þróunar og framtíðarnotkunar á IV. kynslóðar kjarnakljúfum með lokaðri eldsneytishringrás eða sjálfmyndandi eldsneyti þegar þeir koma á almennan markað. Endurskoða ætti þessi tímamörk á viðeigandi hátt í ljósi framfara í þróun slíkrar tækni.
- 14) Tæknileg matsviðmið sem tengjast markmiðum um mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum ættu að tryggja að atvinnustarfsemi valdi ekki verulegu tjóni á neinum öðrum umhverfismarkmiðum. Einkum er nauðsynlegt að tryggja að langtímaförgun úrgangs vegna kjarnorkutengdrar atvinnustarfsemi valdi ekki verulegum og langtíma skaða á umhverfinu, eins og um getur í iii. lið d-liðar 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Því er rétt að setja fram í tæknilegum matsviðmiðum sértækar kröfur um sjóð til að meðhöndla geislavirkan úrgang og sjóð sem ber kostnað af niðurlagningu kjarnorkustarfsemi, sem hægt er að sameina, í samræmi við þá meginreglu að tilreiðendur úrgangs ættu að bera ábyrgð á kostnaði við meðhöndlun hans, og að gera kröfu um rekstrarhæfar stöðvar fyrir endanlega förgun fyrir allan geislavirkan úrgang sem ætti að koma í veg fyrir hvers kyns útflutning á geislavirkum úrgangi til förgunar í þriðju löndum. Í nokkrum aðildarríkjum er lítið og meðalgeislavirkum úrgangi þegar fargað í förgunarstöðvum nálægt yfirborði jarðar og umtalsverð reynsla og verkunnátta í meðhöndlun úrgangs hefur safnast upp á þeim áratugum sem þessar förgunarstöðvar við yfirborð jarðar hafa verið starfræktar. Að því er varðar mjög geislavirkan úrgang og notað eldsneyti er förgun djúpt í jörðu nýjasta lausnin sem almennt er viðurkennd meðal sérfræðinga um allan heim sem öruggasti og sjálfbærasti kosturinn fyrir endapunkt meðhöndlunar á mjög geislavirkum úrgangi og notuðu eldsneyti sem telst vera úrgangur. Um leið og aðildarríkin bera ábyrgð á stefnumálum sínum að því er varðar meðhöndlun á notuðu eldsneyti og lítið, í meðallagi eða mjög geislavirkum úrgangi ættu þau jafnframt að fella skipulagningu og framkvæmd á förgunarvalkostum inn í landsbundnar stefnur sínar, einkum samkvæmt landsáætlunum um meðhöndlun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi, sem ná yfir allar tegundir notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs og öll stig notaðs eldsneytis og geislavirks úrgangs frá myndun til förgunar. Efni landsáætlana er tilgreint í tilskipun ráðsins 2011/70/KBE ⁽¹⁰⁾ og felur í sér lykilárangursmælikvarða til að vakta framvindu með gagnsæjum hætti. Aðildarríkin verða að gefa framkvæmdastjórninni reglulega skýrslu um framvindu framkvæmdar á landsáætlunum. Skýrslugjöf aðildarríkjanna frá 2021 sýnir að verulegur árangur hefur náðst við að koma fyrstu förgunarstöðvunum djúpt í jörðu á yfirráðasvæði Sambandsins í framkvæmd. Raunhæfar lausnir eru að verða tiltækar svo að aðildarríkin geti þróað og rekið slíkar stöðvar eigi síðar en 2050. Innfelling samsvarandi kröfu í tæknileg matsviðmið tryggir því að ekkert verulegt tjón verði á umhverfinu.

⁽⁹⁾ Reglugerð ráðsins (KBE) nr. 2587/1999 frá 2. desember 1999 um skilgreiningu fjárfestingarverkefna sem tilkynna á til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 41. gr. stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu (Stjtið. EB L 315, 9.12.1999, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun ráðsins 2011/70/KBE frá 19. júlí 2011 um ramma Bandalagsins um ábyrga og örugga stjórnun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi (Stjtið. ESB L 199, 2.8.2011, bls. 48).

- 15) Nauðsynlegt er að fyrirtæki sem eru ekki fjármálafyrirtæki og fjármálafyrirtæki skapi mikið gagnsæi fyrir fjárfesta varðandi fjárfestingar þeirra í starfsemi við framleiðslu á jarðgasi og kjarnorku þar sem mæla ætti fyrir um tæknileg matsviðmið. Til að tryggja þetta gagnsæi ætti að mæla fyrir um sérstakar kröfur um upplýsingagjöf fyrir fyrirtæki sem eru ekki fjármálafyrirtæki og fjármálafyrirtæki. Til að tryggja samanburðarhæfi þeirra upplýsinga sem fjárfestum eru birtar ættu upplýsingarnar að vera settar fram á formi sniðmáts sem gefur skýrt til kynna hlutfall starfsemi á sviði jarðgass og kjarnorku í nefnanum og teljara fyrir lykilárangursmælikvarða þessara félaga, eftir því sem við á. Til að skapa mikið gagnsæi fyrir fjárfesta í þeim fjármálaafurðum, sem um getur í 5. og 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 varðandi áhættuskuldbindingar vegna framleiðslu á jarðgasi og kjarnorku, sem mælt er fyrir um tæknileg matsviðmið fyrir, mun framkvæmdastjórnin breyta eða leggja til breytingu á rammanum um upplýsingagjöf sem á við um þessar fjármálaafurðir, eftir því sem við á, til að tryggja fullt gagnsæi yfir allan endingartíma fjármálaafurðanna. Til að tryggja að endanlegir fjárfestar auðkenni slíkar upplýsingar með skýrum hætti mun framkvæmdastjórnin íhuga að breyta kröfum um þá fjármála- og váttryggingaráðgjöf sem dreifingaraðilar veita.
- 16) Til að auka tiltrú fjárfesta ætti óháður þriðji aðili að sannprófa reglufylgni við tæknileg matsviðmið sem tengjast framleiðslu á jarðgasi. Til að tryggja óhlutdræga og ítarlega sannprófun á reglufylgni ætti óháður þriðji aðili að búa yfir tilföngum og sérfræðikunnáttu til að framkvæma þessa sannprófun, vera óháður til að koma í veg fyrir hagsmunarárekstra við eiganda eða fjármögnunaraðila og ætti ekki að taka þátt í þróun eða starfrækslu slíkrar framleiðslu á jarðgasi. Til viðbótar við sannprófunarkerfið geta fyrirtæki á fjármálamarkaði og önnur fyrirtæki fallið undir sértækar sannprófunarkröfur sem kveðið er á um í annarri löggjöf Sambandsins um sjálfbæra fjármögnun sem nær yfir reglufylgni við tæknileg matsviðmið. Í samræmi við c-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða þau ákvæði sem krafist er til að koma á fót sannprófunarkerfi til að fara að þeim viðmiðum sem sett eru fram í þeirri reglugerð.
- 17) Jarðgas- og kjarnorkugeirarnir einkennast af hraðri tækniþróun. Því er nauðsynlegt að endurskoða reglulega þau tæknilegu matsviðmið sem ná til starfsemi í orkuframleiðslu í þessum geirum, eins og krafist er í 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Að auki ætti slík endurskoðun, á grundvelli þeirra skilyrða sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, að taka til þess hversu víðeigandi tímabilin eru, sem mælt er fyrir um í tæknilegu matsviðmiðunum.
- 18) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178⁽¹⁾ til samræmis við það. Breytingarnar á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 og framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 áskilja engar fjárfestingar, heldur er þeim ætlað að aðstoða fjármálamarkaði og fjárfesta við að greina, að uppfylltum ströngum skilyrðum, víðeigandi starfsemi á sviði gass og kjarnorku sem þörf er á vegna umskipta á orkukerfum aðildarríkjanna í átt að loftslagshlutleysi í samræmi við loftslagsmarkmið og -skuldbindingar Sambandsins.
- 19) Þær breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 og framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178, sem mælt er fyrir um í þessari framseldu reglugerð, eru nátengdar. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða, sem ættu að öðlast gildi á sama tíma til að auðvelda hagsmunaaðilum að hafa heildaryfirsýn yfir lagarammann og til að auðvelda beitingu reglugerðar (ESB) 2020/852, er nauðsynlegt að safna þessum ákvæðum saman í eina reglugerð.
- 20) Nauðsynlegt er að veita fyrirtækjum sem ekki eru fjármálafyrirtæki og fjármálafyrirtækjum nægan tíma til að meta hvort sú atvinnustarfsemi þeirra sem tengist jarðgasi og kjarnorku fylgi því tæknilega matsviðmiði sem mælt er fyrir um í reglugerðinni og að gefa skýrslu á grundvelli þess mats í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178. Því ætti að fresta deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda til 1. janúar 2023.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178 frá 6. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að tilgreina innihald og framsetningu upplýsinga sem fyrirtæki eiga að birta skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB varðandi umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi og tilgreina aðferðafræðina við að fara að þessari birtingarskyldu (Stjtið. ESB L 443, 10.12.2021, bls. 9).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139

Framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 2. gr. a er bætt við:

„2. gr. a

Endurskoðun

Við framkvæmd á þeirri endurskoðun, sem um getur í 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, skal framkvæmdastjórnin einnig endurskoða og meta nauðsyn þess að breyta dagsetningunum sem um getur í þætti 4.27, þætti 4.28, b-lið 1. liðar þáttar 4.29, b-lið 1. liðar þáttar 4.30 og b-lið 1. liðar þáttar 4.31 í I. viðauka.

Við hvers kyns endurskoðun á dagsetningunni, sem um getur í 2. lið þátta 4.27 og 4.28 í I. viðauka, skal taka tillit til tækniframfara í markaðssetningu slysaþolins eldsneytis í Sambandinu og á heimsvísu.“

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

3) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178

Framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 6., 7. og 8. mgr. er bætt við 8. gr.:

„6. Fjármálafyrirtæki og fyrirtæki sem ekki eru fjármálafyrirtæki skulu veita upplýsingar um fjárhæð og hlutfall:

a) þeirrar atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, sem um getur í þáttum 4.26, 4.27 og 4.28 í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139, í nefnara og teljara lykilárangursmælikvarða,

b) þeirrar atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, en fellur ekki að því, sem um getur í liðum 4.26, 4.27 og 4.28 í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139, í nefnara lykilárangursmælikvarða,

c) þeirrar kjarnorkutengdu starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir í nefnara fyrir lykilárangursmælikvarða.

7. Fjármálafyrirtæki og fyrirtæki sem ekki eru fjármálafyrirtæki skulu veita upplýsingar um fjárhæð og hlutfall:

a) þeirrar atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu sem um getur í þáttum 4.29, 4.30 og 4.31 í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139, í nefnara og teljara lykilárangursmælikvarða,

b) þeirrar atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, en fellur ekki að því, sem um getur í liðum 4.29, 4.30 og 4.31 í I. og II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139, í nefnara lykilárangursmælikvarða,

c) þeirrar jarðgasstengdu starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir í nefnara fyrir lykilárangursmælikvarða.

8. Þær upplýsingarnar sem um getur í 6. og 7. mgr. skulu settar fram í töflum með því að nota sniðmátin sem sett eru fram í XII. viðauka við þessa reglugerð.“

2) Textanum í III. viðauka við þessa reglugerð er bætt við sem XII. viðauka.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. mars 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Eftirfarandi þáttum 4.26, 4.27, 4.28, 4.29, 4.30 og 4.31 er bætt við í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139:

„4.26. Forviðskiptastig háþróaðrar tækni til að framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis

Lýsing á starfseminni

Rannsóknir, þróun, sýniverkefni og uppbygging á nýjungum í raforkuframleiðslustöðvum, með leyfi frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna í samræmi við gildandi landslög, sem framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis.

Starfsemin er flokkuð undir kóðum M72 og M72.1 atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, í samræmi við atvinnugreinaflokkunina sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

Atvinnustarfsemi í þessum flokki er starfsemi, eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þegar hún er í samræmi við öll tæknileg matsviðmið sem sett eru fram í þessum þætti.

Tæknileg matsviðmið

Almennar viðmiðanir sem varða verulegt framlag til mótvægis við loftslagsbreytingar og að valda engu verulegu tjóni

1. Verkefni sem tengist atvinnustarfseminni („verkefnið“) er í aðildarríki sem uppfyllir allt eftirfarandi:
 - a) aðildarríkið hefur að fullu leitt í lög tilskipun ráðsins 2009/71/KBE (*1) og tilskipun ráðsins 2011/70/KBE (*2),
 - b) aðildarríkið fylgir stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu (hér á eftir nefndur „KBE-sáttmálinn“) og þeirri löggjöf sem samþykkt er á grundvelli hans, einkum tilskipun 2009/71/KBE, tilskipun 2011/70/KBE og tilskipun ráðsins 2013/59/KBE, (*3), sem og gildandi umhverfislöggjöf Sambandsins sem samþykkt er skv. 192. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB (*4) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (*5),
 - c) aðildarríkið hefur yfir að ráða, frá og með þeim degi sem verkefnið er samþykkt, sjóði til að meðhöndla geislavirkan úrgang og sjóði sem ber kostnað af niðurlagningu kjarnorkustarfsemi sem hægt er að sameina,
 - d) aðildarríkið hefur sýnt fram á að það muni hafa til reiðu fjármuni við lok áætlaðs nýtilegs líftíma kjarnorkuversins, sem samsvara áætluðum kostnaði við meðhöndlun geislavirks úrgangs og niðurlagningu starfsemi í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/851/KBE (*6),
 - e) aðildarríkið er með rekstrarhæfar stöðvar fyrir endanlega förgun fyrir allan afar lítið, lítið og meðalgeislavirkan úrgang, sem tilkynnt er um til framkvæmdastjórnarinnar skv. 41. gr. KBE-sáttmálans eða 4. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (KBE) nr. 2587/1999 og falla undir landsáætlunina sem er uppfærð samkvæmt tilskipun 2011/70/KBE,
 - f) aðildarríkið er með skjalfesta áætlun með ítarlegum þrepum til að taka í notkun, eigi síðar en 2050, förgunarstöð fyrir mjög geislavirkan úrgang, þar sem öllu eftirfarandi er lýst:
 - i. hugmyndum eða áætlunum og tæknilausnum fyrir meðhöndlun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi frá myndun til förgunar,
 - ii. hugmyndum eða áætlunum fyrir tímabilið eftir lokun á líftíma förgunarstöðvar, þ.m.t. tímabil þar sem viðeigandi eftirliti er viðhaldið og aðferðir sem nota skal til að varðveita þekkinguna um stöðina til lengri tíma,

- iii. ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og helstu lykilárangursmælikvörðum til að vakta framvindu hennar,
- iv. kostnaðarmati og fjármögnunarkerfi.

Að því er varðar f-lið geta aðildarríkin notað áætlanir sem eru samdar sem hluti af landsáætlun og krafist skv. 11. og 12. gr. tilskipunar 2011/70/KBE.

2. Verkefnið er hluti af rannsóknaráætlun sem Sambandið fjármagnar eða framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um verkefnið í samræmi við 41. gr. KBE-sáttmálans eða 4. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (KBE) nr. 2587/1999, ef annað hvort þessara ákvæða á við, framkvæmdastjórnin hefur gefið álit sitt á því í samræmi við 43. gr. KBE-sáttmálans og fjallað hefur verið á fullnægjandi hátt um öll álitæfni sem vakið var máls á í álitinu, sem skipta máli fyrir beitingu 2. mgr. 10. gr. og 17. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, og tæknilegra matsviðmiða sem mælt er fyrir um í þessum þætti.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki hefur skuldbundið sig til að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um allt eftirfarandi:

- a) hvort samanlagt fjármagn sem um getur í c-lið 1. liðar sé fullnægjandi,
- b) raunverulega framvindu við framkvæmd áætlunarinnar sem um getur í f-lið 1. liðar.

Á grundvelli skýrslanna skal framkvæmdastjórnin endurskoða hvort samanlagt fjármagn sjóðs til að meðhöndla geislavirkan úrgang og sjóðs sem ber kostnað af niðurlagningu kjarnorkustarfsemi, sem um getur í c-lið 1. liðar, sé fullnægjandi og hvernig framkvæmd skjalfestrar áætlunar, sem um getur í f-lið 1. liðar, miðar og getur hún sent hlutaðeigandi aðildarríki álit sitt.

4. Starfsemin er í samræmi við landslöggjöf sem lögleiðir löggjöfina sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, þ.m.t. að því er varðar mat, einkum með álagsprófum, á viðnámi kjarnorkuvera sem eru staðsett á yfirráðasvæði Sambandsins gegn mikilli náttúruvá, þ.m.t. jarðskjálftum. Til samræmis við það fer starfsemin fram á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem rekstraraðili kjarnorkuvirkis:

- a) hefur lagt fram gögn um kjarnorkuöryggi með umfang og nákvæmni í samræmi við mögulegt umfang og eðli þeirrar hættu sem skiptir máli fyrir kjarnorkuvirkið og svæði þess (b-liður 6. gr. tilskipunar 2009/71/KBE),
- b) hefur gert ítarlegar varnarráðstafanir til að tryggja, meðal annars, að dregið verði eins og kostur er úr áhrifum af miklum ytri náttúrulegum og ótíðum hættum af völdum manna (a-liður 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2009/71/KBE),
- c) hefur framkvæmt viðeigandi mat, sem er bundið við tiltekið svæði og kjarnorkuvirki, þegar hlutaðeigandi rekstraraðili sækir um leyfi til að byggja eða reka kjarnorkuver (a-liður 8. gr. c í tilskipun 2009/71/KBE).

5. Starfsemin uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2009/71/KBE, sem studd er nýjustu alþjóðlegu leiðbeiningum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og Samtaka kjarnorkueftirlitsaðila í Vestur-Evrópu, sem stuðla að því að auka viðnám og getu nýrra og starfandi kjarnorkuvera til að takast á við mikla náttúruvá, þ.m.t. flóð og öfgafull veðurskilyrði.

6. Geislavirkum úrgangi, eins og um getur í e- og f-lið 1. liðar, er fargað í því aðildarríki þar sem hann varð til, nema samkomulag sé í gildi milli hlutaðeigandi aðildarríkis og viðtökuáðildarríkis, eins og kveðið er á um í tilskipun 2011/70/KBE. Í því tilviki er viðtökuáðildarríkið með stjórnunar- og förgunaráætlanir fyrir geislavirkan úrgang og viðeigandi förgunarstöð sem er starfrækt í samræmi við kröfurnar í tilskipun 2011/70/KBE.

Viðbótarviðmiðanir sem lúta að umtalsverðu mótvægi við loftslagsbreytingar

Með starfseminni er miðað að því að framleiða eða framleitt rafmagn með því að nota kjarnorku. Losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum frá framleiðslu raforku úr kjarnorku er undir viðmiðunarmarkinu 100 g CO₂e/kWh.

Mínkun á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum er reiknuð út með því að nota tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/179/ESB eða, að öðrum kosti, með því að nota ISO 14067:2018 eða ISO 14064-1:2018.

Óháður þriðji aðili sannprófar magngreinda losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum.

Viðbótarviðmiðanir sem lúta að því að valda ekki verulegu tjóni

2) Aðlögun að loftslagsbreytingum	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti A við þennan viðauka.</p> <p>Starfsemin uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í 6. gr. (b-lið), 8. gr. b (a-lið 1. mgr.) og 8. gr. c (a-lið) í tilskipun 2009/71/KBE.</p> <p>Starfsemin uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2009/71/KBE sem komið var til framkvæmda í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og Samtaka kjarnorkueftirlitsaðila í Vestur-Evrópu í tengslum við mikla náttúruvá, þ.m.t. flóð og öfgafull veðurskilyrði.</p>
3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti B við þennan viðauka.</p> <p>Áhætta vegna hnignunar umhverfisins sem tengist varðveislu vatnsgæða og til að komast hjá álagi á vatnsauðlindir er greind og tekið á henni, í samræmi við stjórnunar-áætlun fyrir notkun og verndun vatnshlota sem er samin í samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila.</p> <p>Til að takmarka varmafrávik í tengslum við losun glatvarma skulu rekstraraðilar kjarnorkuvera inni í landi sem nota vota fríkælingu með gegnumstreymi með því að taka vatn úr ám eða stöðuvötnum, athuga:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) hámarkshita viðtökuferskvatnshlots eftir blöndun og b) hámarkshitastigsmun milli kælivatns sem er losað og viðtökuferskvatnshlots. <p>Hitastýring er framkvæmd í samræmi við skilyrði rekstrarleyfis fyrir tiltekna starfrækslu, eftir atvikum, eða viðmiðunargildi í samræmi við lög Sambandsins.</p> <p>Starfsemin uppfyllir staðla Iðnaðarsjóðsflokkunarinnar (e. <i>Industry Foundation Classes</i>).</p> <p>Kjarnorkustarfsemi er rekin í samræmi við kröfur um neysluvatn í tilskipun 2000/60/EB og tilskipun 2013/51/KBE um kröfur um heilsuvernd almennings að því er varðar geislavirk efni í neysluvatni.</p>
4) Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	<p>Áætlun um meðhöndlun bæði ógeislavirks og geislavirks úrgangs er til staðar og tryggir hámarksendurnotkun eða -endurvinnslu á slíkum úrgangi við lok vistferilsins í samræmi við úrgangsmetakerfið, þ.m.t. með samningsbundnu samkomulagi við samstarfsaðila um meðhöndlun úrgangs, endurspeglast í fjárhagslegum spám eða opinberum skjölum um verkefnið.</p> <p>Meðan á rekstri og niðurlagningu starfsemi stendur er magn geislavirks úrgangs lágmarkað og magn efniviða í frjálsa dreifingu er hámarkað í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og í samræmi við kröfurnar um geislavarnir sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/59/KBE.</p>

	<p>Fjármögnunarkerfi er til staðar til að tryggja fullnægjandi fjármögnun niðurlagningar allrar starfsemi og fyrir meðhöndlun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og tilmæli 2006/851/KBE.</p> <p>Lokið er við mat á umhverfisáhrifum áður en kjarnorkuver er byggt, í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB. Tilsildum mótvægis- og jöfnunaráðstöfunum er komið í framkvæmd.</p> <p>Viðkomandi þættir í þessum hluta falla undir skýrslur aðildarríkja til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2011/70/KBE.</p>
<p>5) Mengunarvarnir og -eftirlit</p>	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti C við þennan viðauka.</p> <p>Losun sem er ekki geislavirk fellur innan við eða undir svið losunargilda sem tengjast bestu aðgengilegu tækni samkvæmt niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni fyrir stór brennsluver. Engin umtalsverð yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa eiga sér stað.</p> <p>Að því er varðar kjarnorkuver með meira varmafl en 1 MW en undir viðmiðunarmörkunum fyrir niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem gilda fyrir stór brennsluver er losunin undir viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta II. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/2193.</p> <p>Losun geislavirkra efna í loft, vatnshlot og jörð (jarðveg) er í samræmi við skilyrði um sértæk leyfi fyrir tiltekna aðgerðir, eftir atvikum, eða landsbundin viðmiðunargildi í samræmi við tilskipun 2013/51/KBE (*) og tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Notað eldsneyti og geislavirkur úrgangur eru meðhöndluð á öruggan og ábyrgan hátt í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Nægilegt rými fyrir bráðabirgðageymslu er til staðar fyrir verkefnið en landsáætlanir um förgun eru til staðar til að lágmarka tímallengd bráðabirgðageymslu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 2011/70/KBE þar sem geymsla á geislavirkum úrgangi, þ.m.t. langtímageymsla, er talin vera bráðabirgðalausn en ekki staðgöngukostur fyrir förgun.</p>
<p>6) Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa</p>	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti D við þennan viðauka.</p> <p>Lokið er við mat á umhverfisáhrifum áður en kjarnorkuver er byggt, í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB. Tilsildum mótvægis- og jöfnunaráðstöfunum er komið í framkvæmd.</p> <p>Að því er varðar staði/starfrækslu sem er(u) á eða nálægt svæðum sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni, sem er(u) líkleg(ir) til að hafa veruleg áhrif á svæði sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni (þ.m.t. Evrópunet verndarsvæða, heimsminjastaðir UNESCO og lykilsvæði líffræðilegrar fjölbreytni sem og önnur vernduð svæði), hefur viðeigandi mat, eftir atvikum, farið fram og nauðsynlegum mótvægisráðstöfunum verið komið í framkvæmd á grundvelli niðurstaðna þess.</p> <p>Staðirnir/starfrækslan skal ekki hafa skaðleg áhrif á varðveislustöðu neinna búsvæða eða tegunda sem er að finna á vernduðu svæðunum.</p>

4.27. Uppbygging og öruggur rekstur nýrra kjarnorkuvera til að framleiða raforku eða varma, þ.m.t. til vetnisframleiðslu, með notkun bestu aðgengilegu tækni

Að því er þennan þátt varðar á besta aðgengilega tækni við um þá tækni sem uppfyllir að fullu kröfurnar í tilskipun 2009/71/KBE og tekur fullt tillit til nýjustu tæknilegu mælipátta í stöðlum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og markmiða Samtaka kjarnorkueftirlitsaðila í Vestur-Evrópu um öryggi og viðmiðunarmörk.

Lýsing á starfseminni

Uppbygging og öruggur rekstur nýrra kjarnorkuvirkja sem lögbær yfirvöld aðildarríkja hafa veitt byggingarleyfi fyrir árið 2045, í samræmi við gildandi landslög, fyrir framleiðslu á raforku eða vinnslu á varma, þ.m.t. fyrir fjarhitun eða iðnaðarferli á borð við vetnisframleiðslu (ný kjarnorkuvirki), ásamt öryggisuppfærslum.

Starfsemin er flokkuð undir kóðum D35.11 og F42.22 atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, í samræmi við atvinnugreinaflokkunina sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

Atvinnustarfsemi í þessum flokki er starfsemi, eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þegar hún er í samræmi við öll tæknileg matsviðmið sem sett eru fram í þessum þætti.

Tæknileg matsviðmið

Almennar viðmiðanir sem varða verulegt framlag til mótvægis við loftslagsbreytingar og að valda engu verulegu tjóni

1. Verkefni sem tengist atvinnustarfseminni („verkefnið“) er í aðildarríki sem uppfyllir allt eftirfarandi:
 - a) aðildarríkið hefur að fullu leitt í lög tilskipun ráðsins 2009/71/KBE og tilskipun ráðsins 2011/70/KBE,
 - b) aðildarríkið fylgir KBE-sáttmálanum og þeirri löggjöf sem samþykkt er á grundvelli hans, einkum tilskipun 2009/71/KBE, tilskipun 2011/70/KBE og tilskipun 2013/59/KBE, sem og gildandi umhverfislöggjöf Sambandsins sem samþykkt er skv. 192. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum tilskipun 2011/92/ESB og tilskipun 2000/60/EB,
 - c) aðildarríkið hefur yfir að ráða, frá og með þeim degi sem verkefnið er samþykkt, sjóði til að meðhöndla geislavirkan úrgang og sjóði sem ber kostnað af niðurlagningu kjarnorkustarfsemi sem hægt er að sameina,
 - d) aðildarríkið hefur sýnt fram á að það muni hafa til reiðu fjármuni við lok áætlaðs nýtilegs líftíma kjarnorkuversins, sem samsvara áætluðum kostnaði við meðhöndlun geislavirks úrgangs og niðurlagningu starfsemi í samræmi við tilmæli 2006/851/KBE,
 - e) aðildarríkið er með rekstrarhæfar stöðvar fyrir endanlega förgun fyrir allan afar lítið, lítið og meðalgeislavirkan úrgang, sem tilkynnt er um til framkvæmdastjórnarinnar skv. 41. gr. KBE- sáttmálans eða 4. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins 2587/1999 og fellur undir landsáætlunina sem er uppfærð samkvæmt tilskipun ráðsins 2011/70/KBE,
 - f) aðildarríkið er með skjalfesta áætlun með ítarlegum þrepum til að taka í notkun, eigi síðar en 2050, förgunarstöð fyrir mjög geislavirkan úrgang, þar sem öllu eftirfarandi er lýst:
 - i. hugmyndum eða áætlunum og tæknilausnum fyrir meðhöndlun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi frá myndun til förgunar,
 - ii. hugmyndum eða áætlunum fyrir tímabilið eftir lokun á líftíma förgunarstöðvar, þ.m.t. tímabil þar sem viðeigandi eftirliti er viðhaldið og aðferðir sem nota skal til að varðveita þekkinguna um stöðina til lengri tíma,
 - iii. ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og helstu lykilárangursmælikvörðum til að vakta framvindu hennar,
 - iv. kostnaðarmati og fjármögnunarkerfi.

Að því er varðar f-lið geta aðildarríkin notað þær áætlanir sem eru samdar sem hluti af landsáætlun og krafist skv. 11. og 12. gr. tilskipunar 2011/70/KBE.

2. Í verkefninu er besta aðgengilega tækni notuð að fullu og frá 2025 er notað slysaþolið eldsneyti. Tæknin er vottuð og samþykkt af innlendum öryggiseftirlitsaðila.
3. Framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um verkefnið í samræmi við 41. gr. KBE-sáttmálans eða 4. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins 2587/1999, ef annað hvort þessara ákvæða á við, framkvæmdastjórnin hefur gefið álit sitt á því í samræmi við 43. gr. KBE-sáttmálans og fjallað hefur verið á fullnægjandi hátt um öll álitæfni sem vakið var máls á í álitinu, sem skipta máli fyrir beitingu 2. mgr. 10. gr. og 17. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, og tæknilegra matsviðmiða sem mælt er fyrir um í þessum þætti.
4. Hlutaðeigandi aðildarríki hefur skuldbundið sig til að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um allt eftirfarandi:
 - a) hvort samanlagt fjármagn sem um getur í c-lið 1. liðar sé fullnægjandi,
 - b) raunverulega framvindu við framkvæmd áætlunarinnar sem um getur í f-lið 1. liðar.

Á grundvelli skýrslanna skal framkvæmdastjórnin endurskoða hvort samanlagt fjármagn sjóðs til að meðhöndla geislavirkan úrgang og sjóðs sem ber kostnað af niðurlagningu kjarnorkustarfsemi, sem um getur í c-lið 1. liðar, sé fullnægjandi og hvernig framkvæmd skjalfestrar áætlunar, sem um getur í f-lið 1. liðar, miðar og getur hún sent hlutaðeigandi aðildarríki álit sitt.

5. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða, frá og með 2025 og a.m.k. á 10 ára fresti, þá tæknilegu mæliþætti sem samsvara bestu aðgengilegu tækni á grundvelli mats evrópsks hóps eftirlitsaðila um kjarnorkuöryggi.
6. Starfsemin er í samræmi við landslöggjöf sem lögleiðir löggjöfina sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, þ.m.t. að því er varðar mat, einkum með álagsprófum, á viðnámi kjarnorkuvera sem eru staðsett á yfirráðasvæði Sambandsins gegn mikilli náttúruvá, þ.m.t. jarðskjálftum. Til samræmis við það fer starfsemin fram á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem rekstraraðili kjarnorkuvirkis:
 - a) hefur lagt fram gögn um kjarnorkuöryggi, með umfang og nákvæmni í samræmi við mögulegt umfang og eðli þeirrar hættu sem skiptir máli fyrir kjarnorkuvirkið og svæði þess (b-liður 6. gr. tilskipunar 2009/71/KBE),
 - b) hefur gert ítarlegar varnarráðstafanir til að tryggja, meðal annars, að dregið verði eins og kostur er úr áhrifum af miklum ytri náttúrulegum og ótilætluðum hættum af völdum manna (a-liður 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2009/71/KBE),
 - c) hefur framkvæmt viðeigandi mat, sem er bundið við tiltekið svæði og kjarnorkuvirki, þegar hlutaðeigandi rekstraraðili sækir um leyfi til að byggja eða reka kjarnorkuver (a-liður 8. gr. c í tilskipun 2009/71/KBE).
7. Starfsemin uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2009/71/KBE, sem studd er nýjustu alþjóðlegu leiðbeiningum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og Samtaka kjarnorkueftirlitsaðila í Vestur-Evrópu, sem stuðla að því að auka viðnám og getu nýrra og starfandi kjarnorkuvera til að takast á við mikla náttúruvá, þ.m.t. flóð og öfgafull veðurskilyrði.
8. Geislavirkum úrgangi, eins og um getur í e- og f-lið 1. liðar, er fargað í því aðildarríki þar sem hann varð til, nema samkomulag sé í gildi milli hlutaðeigandi aðildarríkis og viðtökuaðildarríkis, eins og kveðið er á um í tilskipun 2011/70/KBE. Í því tilviki er viðtökuaðildarríkið með stjórnunar- og förgunaráætlanir fyrir geislavirkan úrgang og viðeigandi förgunarstöð sem er starfrækt í samræmi við kröfurnar í tilskipun 2011/70/KBE.

Viðbótarviðmiðanir sem lúta að umtalsverðu mót vægi við loftslagsbreytingar

Með starfseminni er framleitt rafmagn úr kjarnorku. Losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum frá framleiðslu raforku úr kjarnorku er undir viðmiðunarmarkinu 100 g CO₂e/kWh.

Mínkun á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum er reiknuð út með því að nota tilmæli 2013/179/ESB eða, að öðrum kosti, með því að nota ISO 14067:2018 eða ISO 14064-1:2018.

Óháður þriðji aðili sannprófar magngreinda losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum.

Viðbótarviðmiðanir sem lúta að því að valda ekki verulegu tjóni

2) Aðlögun að loftslagsbreytingum	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti A við þennan viðauka.</p> <p>Starfsemin uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í 6. gr. (b-lið), 8. gr. b (a-lið 1. mgr.) og 8. gr. c (a-lið) í tilskipun 2009/71/KBE.</p> <p>Starfsemin uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2009/71/KBE sem komið var til framkvæmda í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og Samtaka kjarnorkueftirlitsaðila í Vestur-Evrópu í tengslum við mikla náttúruvá, þ.m.t. flóð og ófgafull veðurskilyrði.</p>
3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti B við þennan viðauka.</p> <p>Áhætta vegna hnignunar umhverfisins sem tengist varðveislu vatnsgæða og til að komast hjá álagi á vatnsauðlindir er greind og tekið á henni, í samræmi við stjórnunar-áætlun fyrir notkun og verndun vatnshlota sem er samin í samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila.</p> <p>Til að takmarka varmafrávik í tengslum við losun glatvarma skulu rekstraraðilar kjarnorkuvera inni í landi sem nota vota frikælingu með gegnumstreymi með því að taka vatn úr ám eða stöðuvötnum, athuga:</p> <ol style="list-style-type: none"> hámarkshita viðtökuferskvatnshlots eftir blöndun og hámarkshitastigsmun milli kælivatns sem er losað og viðtökuferskvatnshlots. <p>Hitastýring er framkvæmd í samræmi við skilyrði rekstrarleyfis fyrir tiltekna starfrækslu, eftir atvikum, eða viðmiðunargildi í samræmi við lög Sambandsins.</p> <p>Starfsemin uppfyllir staðla Iðnaðarsjóðsflokkunarinnar (e. <i>Industry Foundation Classes</i>).</p> <p>Kjarnorkustarfsemi er rekin í samræmi við kröfur um neysluvatn í tilskipun 2000/60/EB og tilskipun 2013/51/KBE um kröfur um heilsuvernd almennings að því er varðar geislavirk efni í neysluvatni.</p>
4) Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	<p>Áætlun um meðhöndlun bæði ógeislavirks og geislavirks úrgangs er til staðar og tryggir hámarksendurnotkun eða -endurvinnslu á slíkum úrgangi við lok vistferilsins í samræmi við úrgangsmetakerfið, þ.m.t. með samningsbundnu samkomulagi við samstarfsaðila um meðhöndlun úrgangs, endurspeglast í fjárhagslegum spám eða opinberum skjölum um verkefnið.</p> <p>Meðan á rekstri og niðurlagningu starfsemi stendur er magn geislavirks úrgangs lágmarkað og magn efniviða í frjálsa dreifingu er hámarkað í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og í samræmi við kröfurnar um geislavarnir sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/59/KBE.</p>

	<p>Fjármögnunarkerfi er til staðar til að tryggja fullnægjandi fjármögnun niðurlagningar allrar starfsemi og fyrir meðhöndlun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og tilmæli 2006/851/KBE.</p> <p>Lokið er við mat á umhverfisáhrifum áður en kjarnorkuver er byggt, í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB. Tilskildum mótvægis- og jöfnunaráðstöfunum er komið í framkvæmd.</p> <p>Viðkomandi þættir í þessum hluta falla undir skýrslur aðildarríkja til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2011/70/KBE.</p>
5) Mengunarvarnir og eftirlit með mengun	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti C við þennan viðauka.</p> <p>Losun sem er ekki geislavirk fellur innan við eða undir svið losunargilda sem tengjast bestu aðgengilegu tækni samkvæmt niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni fyrir stór brennsluver. Engin umtalsverð yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa eiga sér stað.</p> <p>Að því er varðar kjarnorkuver með meira varmafl en 1 MW en undir viðmiðunarmörkunum fyrir niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem gilda fyrir stór brennsluver er losunin undir viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta II. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/2193.</p> <p>Losun geislavirkra efna í loft, vatnshlot og jörð (jarðveg) er í samræmi við skilyrði um sértæk leyfi fyrir tilteknar aðgerðir, eftir atvikum, eða landsbundin viðmiðunargildi í samræmi við tilskipun 2013/51/KBE og tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Notað eldsneyti og geislavirkur úrgangur eru meðhöndluð á öruggan og ábyrgan hátt í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Nægilegt rými fyrir bráðabirgðageymslu er til staðar fyrir verkefnið en landsáætlanir um förgun eru til staðar til að lágmarka tímalengd bráðabirgðageymslu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 2011/70/KBE þar sem geymsla á geislavirkum úrgangi, þ.m.t. langtímageymsla, er talin vera bráðabirgðalausn en ekki staðgöngukostur fyrir förgun.</p>
6) Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti D við þennan viðauka.</p> <p>Lokið er við mat á umhverfisáhrifum áður en kjarnorkuver er byggt, í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB. Tilskildum mótvægis- og jöfnunaráðstöfunum er komið í framkvæmd.</p> <p>Að því er varðar staði/starfrækslu sem er(u) á eða nálægt svæðum sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni, sem er(u) líkleg(ír) til að hafa veruleg áhrif á svæði sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni (þ.m.t. Evrópunet verndarsvæða, heimsminjastaðir UNESCO og lykilsvæði líffræðilegrar fjölbreytni sem og önnur vernduð svæði), hefur viðeigandi mat, eftir atvikum, farið fram og nauðsynlegum mótvægisráðstöfunum verið komið í framkvæmd á grundvelli niðurstaðna þess.</p> <p>Staðirnir/starfrækslan skal ekki hafa skaðleg áhrif á varðveislustöðu neinna búsvæða eða tegunda sem er að finna á vernduðu svæðunum.</p>

4.28. Raforkuframleiðsla með kjarnorku í stöðvum sem fyrir eru

Lýsing á starfseminni

Breytingar á kjarnorkuvirkjum sem fyrir eru vegna stækkunar, sem lögbær yfirvöld aðildarríkja hafa heimilað fyrir árið 2040 í samræmi við gildandi landslög, á þjónustutíma fyrir öruggan rekstur kjarnorkuvirkja sem framleiða raforku eða varma úr kjarnorku („kjarnorkuver“).

Starfsemin er flokkuð undir kóðum D35.11 og F42.22 atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, í samræmi við atvinnugreinaflokkunina sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

Atvinnustarfsemi í þessum flokki er starfsemi, eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þegar hún er í samræmi við öll tæknileg matsviðmið sem sett eru fram í þessum þætti.

Tæknileg matsviðmið

Almennar viðmiðanir sem varða verulegt framlag til mótvægis við loftslagsbreytingar og að valda engu verulegu tjóni

1. Verkefni sem tengist atvinnustarfseminni („verkefnið“) er í aðildarríki sem uppfyllir allt eftirfarandi:

- a) aðildarríkið hefur að fullu leitt í lög tilskipun ráðsins 2009/71/KBE og tilskipun ráðsins 2011/70/KBE,
- b) aðildarríkið fylgir KBE-sáttmálanum og þeirri löggjöf sem samþykkt er á grundvelli hans, einkum tilskipun 2009/71/KBE, tilskipun 2011/70/KBE og tilskipun 2013/59/KBE, og með gildandi umhverfislöggjöf Sambandsins sem samþykkt er skv. 192. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum tilskipun 2011/92/ESB og tilskipun 2000/60/EB,
- c) aðildarríkið hefur yfir að ráða, frá og með þeim degi sem verkefnið er samþykkt, sjóði til að meðhöndla geislavirkan úrgang og sjóði sem ber kostnað af niðurlagningu kjarnorkustarfsemi sem hægt er að sameina,
- d) aðildarríkið hefur sýnt fram á að það muni hafa til reiðu fjármuni við lok áætlaðs nýtilegs líftíma kjarnorkuversins, sem samsvara áætluðum kostnaði við meðhöndlun geislavirks úrgangs og niðurlagningu starfsemi í samræmi við tilmæli 2006/851/KBE,
- e) aðildarríkið er með rekstrarhæfar stöðvar fyrir endanlega förgun fyrir allan afar lítið, lítið og meðalgeislavirkan úrgang, sem tilkynnt er um til framkvæmdastjórnarinnar skv. 41. gr. KBE- sáttmálans eða 4. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins 2587/1999 og fellur undir landsáætlunina sem er uppfærð samkvæmt tilskipun ráðsins 2011/70/KBE,
- f) fyrir verkefni sem eru heimiluð eftir 2025 er aðildarríkið með skjalfesta áætlun með ítarlegum þrepum til að taka í notkun, eigi síðar en 2050, förgunarstöð fyrir mjög geislavirkan úrgang, þar sem öllu eftirfarandi er lýst:
 - i. hugmyndum eða áætlunum og tæknilausnum fyrir meðhöndlun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi frá myndun til förgunar,
 - ii. hugmyndum eða áætlunum fyrir tímabilið eftir lokun á líftíma förgunarstöðvar, þ.m.t. tímabil þar sem viðeigandi eftirliti er viðhaldið og aðferðir sem nota skal til að varðveita þekkinguna um stöðina til lengri tíma,
 - iii. ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og helstu lykilárangursmælikvörðum til að vakta framvindu hennar,
 - iv. kostnaðarmati og fjármögnunarkerfi.

Að því er varðar f-lið geta aðildarríkin notað þær áætlanir sem eru samdar sem hluti af landsáætlun og krafist er skv. 11. og 12. gr. tilskipunar 2011/70/KBE.

2. Með uppfærða verkefninu eru allar raunhæfar öryggisumbætur framkvæmdar og frá 2025 er notað slysaþolið eldsneyti. Tæknin er vottuð og samþykkt af innlendum öryggisfirlitsaðila.
3. Framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um verkefnið í samræmi við 41. gr. KBE-sáttmálans eða 4. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins 2587/1999, ef annað hvort þessara ákvæða á við, framkvæmdastjórnin hefur gefið álit sitt á því í samræmi við 43. gr. KBE-sáttmálans og fjallað hefur verið á fullnægjandi hátt um öll álitæfni sem vakið var máls á í álitinu, sem skipta máli fyrir beitingu 2. mgr. 10. gr. og 17. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, og tæknilegra matsviðmiða sem mælt er fyrir um í þessum þætti.
4. Hlutaðeigandi aðildarríki hefur skuldbundið sig til að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu á fimm ára fresti um allt eftirfarandi:
 - a) hvort samanlagt fjármagn sem um getur í c-lið 1. liðar sé fullnægjandi,
 - b) raunverulega framvindu við framkvæmd áætlunarinnar sem um getur í f-lið 1. liðar.

Á grundvelli skýrslanna skal framkvæmdastjórnin endurskoða hvort samanlagt fjármagn sjóðs til að meðhöndla geislavirkan úrgang og sjóðs sem ber kostnað af niðurlagningu kjarnorkustarfsemi, sem um getur í c-lið 1. liðar, sé fullnægjandi og hvernig framkvæmd skjalfestrar áætlunar, sem um getur í f-lið 1. liðar, miðar og getur hún sent hlutaðeigandi aðildarríki álit sitt.
5. Starfsemin er í samræmi við landslöggjöf sem lögleiðir löggjöfina sem um getur í a- og b-lið 1. liðar, þ.m.t. að því er varðar mat, einkum með álagsprófum, á viðnámi kjarnorkuvera í Sambandinu gegn mikilli náttúruvá, þ.m.t. jarðskjálftum. Til samræmis við það fer starfsemin fram á yfirlitssvæði aðildarríkis þar sem rekstraraðili kjarnorkuvirkis:
 - a) hefur lagt fram gögn um kjarnorkuöryggi, með umfang og nákvæmni í samræmi við mögulegt umfang og eðli þeirrar hættu sem skiptir máli fyrir kjarnorkuvirknið og svæði þess (b-liður 6. gr. tilskipunar 2009/71/KBE),
 - b) hefur gert ítarlegar varnaráðstafanir til að tryggja, meðal annars, að dregið verði eins og kostur er úr áhrifum af miklum ytri náttúrulegum og ótilætluðum hættum af völdum manna (a-liður 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2009/71/KBE),
 - c) hefur framkvæmt viðeigandi mat, sem er bundið við tiltekið svæði og kjarnorkuvirki, þegar hlutaðeigandi rekstraraðili sækir um leyfi til að byggja eða reka kjarnorkuver (a-liður 8. gr. c í tilskipun 2009/71/KBE).
6. Starfsemin uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2009/71/KBE, sem studd er nýjustu alþjóðlegu leiðbeiningum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og Samtaka kjarnorkuefirlitsaðila í Vestur-Evrópu, sem stuðla að því að auka viðnám og getu nýrra og starfandi kjarnorkuvera til að takast á við mikla náttúruvá, þ.m.t. flóð og öfgafull veðurskilyrði.
7. Geislavirkum úrgangi, eins og um getur í e- og f-lið 1. liðar, er fargað í því aðildarríki þar sem hann varð til, nema samkomulag sé í gildi milli hlutaðeigandi aðildarríkis og viðtökuáðildarríkis, eins og kveðið er á um í tilskipun 2011/70/KBE. Í því tilviki er viðtökuáðildarríkið með stjórnunar- og förgunaráætlanir fyrir geislavirkan úrgang og viðeigandi förgunarskipti sem er starfrækt í samræmi við kröfurnar í tilskipun 2011/70/KBE.

Viðbótarviðmiðanir sem lúta að umtalsverðu mótþægi við loftslagsbreytingar

Með starfseminni er framleitt rafmagn með notkun kjarnorku. Losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum frá framleiðslu raforku úr kjarnorku er undir viðmiðunarmarkinu 100 g CO₂e/kWh.

Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum er reiknuð út með því að nota tilmæli 2013/179/ESB eða, að öðrum kosti, með því að nota ISO 14067:2018 eða ISO 14064-1:2018.

Óháður þriðji aðili sannprófar magngreinda losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum.

Viðbótarviðmiðanir sem lúta að því að valda ekki verulegu tjóni

2) Aðlögun að loftslagsbreytingum	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti A við þennan viðauka.</p> <p>Starfsemin uppfyllir þær kröfur sem mælt er fyrir um í 6. gr. (b-lið), 8. gr. b (a-lið 1. mgr.) og 8. gr. c (a-lið) í tilskipun 2009/71/KBE.</p> <p>Starfsemin uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2009/71/KBE sem komið var til framkvæmda í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar og Samtaka kjarnorkueftirlitsaðila í Vestur-Evrópu í tengslum við mikla náttúruvá, þ.m.t. flóð og öfgafull veðurskilyrði.</p>
3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti B við þennan viðauka.</p> <p>Áhætta vegna hnignunar umhverfisins sem tengist varðveislu vatnsgæða og til að komast hjá álagi á vatnsauðlindir er greind og tekið á henni, í samræmi við stjórnunar-áætlun fyrir notkun og verndun vatnshlota sem er samin í samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila.</p> <p>Til að takmarka varmafrávik í tengslum við losun glatvarma skulu rekstraraðilar kjarnorkuvera inni í landi sem nota vota fríkælingu með gegnumstreymi með því að taka vatn úr ám eða stöðuvötnum, athuga:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) hámarkshita viðtökuferskvatnshlots eftir blöndun og b) hámarkshitastigsmun milli kælivatns sem er losað og viðtökuferskvatnshlots. <p>Hitastýring er framkvæmd í samræmi við skilyrði rekstrarleyfis fyrir tiltekna starfrækslu, eftir atvikum, eða viðmiðunargildi í samræmi við lög Sambandsins.</p> <p>Starfsemin uppfyllir staðla Iðnaðarsjóðsflokkunarinnar (e. <i>Industry Foundation Classes</i>).</p> <p>Kjarnorkustarfsemi er rekin í samræmi við kröfur um neysluvatn í tilskipun 2000/60/EB og tilskipun 2013/51/KBE um kröfur um heilsuvernd almennings að því er varðar geislavirk efni í neysluvatni.</p>
4) Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	<p>Áætlun um meðhöndlun bæði ógeislavirks og geislavirks úrgangs er til staðar og tryggir hámarksendurnotkun eða -endurvinnslu á slíkum úrgangi við lok vistferilsins í samræmi við úrgangsmetakerfið, þ.m.t. með samningsbundnu samkomulagi við samstarfsaðila um meðhöndlun úrgangs, endurspeglast í fjárhagslegum spám eða opinberum skjölum um verkefnið.</p> <p>Meðan á rekstri og niðurlagningu starfsemi stendur er magn geislavirks úrgangs lágmarkað og magn efniviða í fjálssa dreifingu er hámarkað í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og í samræmi við kröfurnar um geislavarnir sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Fjármögnunarkerfi er til staðar til að tryggja fullnægjandi fjármögnun niðurlagningar allrar starfsemi og fyrir meðhöndlun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og tilmæli 2006/851/KBE.</p>

	<p>Lokið er við mat á umhverfisáhrifum áður en kjarnorkuver er byggt, í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB. Tilskildum mótvægis- og jöfnunaráðstöfunum er komið í framkvæmd.</p> <p>Viðkomandi þættir í þessum hluta falla undir skýrslur aðildarríkja til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2011/70/KBE.</p>
<p>5) Mengunarvarnir og eftirlit með mengun</p>	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti C við þennan viðauka.</p> <p>Losun sem er ekki geislavirk fellur innan við eða undir svið losunargilda sem tengjast bestu aðgengilegu tækni samkvæmt niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni fyrir stór brennsluver. Engin umtalsverð yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa eiga sér stað.</p> <p>Að því er varðar kjarnorkuver með meira varmafl en 1 MW en undir viðmiðunarmörkunum fyrir niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem gilda fyrir stór brennsluver er losunin undir viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta II. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/2193.</p> <p>Losun geislavirkra efna í loft, vatnshlot og jörð (jarðveg) er í samræmi við skilyrði um sértæk leyfi fyrir tilteknar aðgerðir, eftir atvikum, eða landsbundin viðmiðunargildi í samræmi við tilskipun 2013/51/KBE og tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Notað eldsneyti og geislavirkur úrgangur eru meðhöndluð á öruggan og ábyrgan hátt í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Nægilegt rými fyrir bráðabirgðageymslu er til staðar fyrir verkefnið en landsáætlanir um förgun eru til staðar til að lágmarka tímalengd bráðabirgðageymslu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 2011/70/KBE þar sem geymsla á geislavirkum úrgangi, þ.m.t. langtímageymsla, er talin vera bráðabirgðalausn en ekki staðgöngukostur fyrir förgun.</p>
<p>6) Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa</p>	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti D við þennan viðauka.</p> <p>Lokið er við mat á umhverfisáhrifum áður en kjarnorkuver er byggt, í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB. Tilskildum mótvægis- og jöfnunaráðstöfunum er komið í framkvæmd.</p> <p>Að því er varðar staði/starfrækslu sem er(u) á eða nálægt svæðum sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni, sem er(u) líkleg(ir) til að hafa veruleg áhrif á svæði sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni (þ.m.t. Evrópunet verndarsvæða, heimsminjastaðir UNESCO og lykilsvæði líffræðilegrar fjölbreytni sem og önnur vernduð svæði), hefur viðeigandi mat, eftir atvikum, farið fram og nauðsynlegum mótvægisráðstöfunum verið komið í framkvæmd á grundvelli niðurstaðna þess.</p> <p>Staðirnir/starfrækslan skal ekki hafa skaðleg áhrif á varðveislustöðu neinna búsvæða eða tegunda sem er að finna á vernduðu svæðunum.</p>

4.29. Raforkuframleiðsla með loftkenndu jarðefnaeldsneyti

Lýsing á starfseminni

Uppbygging eða rekstur raforkuframleiðslustöðva sem framleiða raforku með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis. Þessi starfsemi tekur ekki til raforkuframleiðslu þar sem eingöngu er notað endurnýjanlegt, loftkennt og fljótandi eldsneyti sem ekki er jarðefnaeldsneyti, eins og um getur í þætti 4.7 í viðaukanum, og lífgas og fljótandi lífeldsneyti eins og um getur í þætti 4.8 í viðaukanum.

Atvinnustarfsemi í þessum flokki gæti tengst nokkrum kóðum atvinnugreinaflokkanar Evrópusambandsins, einkum D35.11 og F42.22, í samræmi við atvinnugreinaflokkinna sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

Atvinnustarfsemi í þessum flokki er umbreytingarstarfsemi, eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þegar hún er í samræmi við tæknilegu matsviðmiðin sem sett eru fram í þessum þætti.

Tæknileg matsviðmið

Verulegt framlag til mótvægis við loftslagsbreytingar

1. Starfsemin uppfyllir aðra hvora eftirfarandi viðmiðun:

- a) losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum frá framleiðslu á raforku með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis er minni en 100 g CO₂e/kWh.
Losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum er reiknuð út á grundvelli verkefnissértækra gagna, ef þau eru tiltæk, með því að nota tilmæli 2013/179/ESB eða, að öðrum kosti, með því að nota ISO 14067:2018 eða ISO 14064-1:2018.
Óháður þriðji aðili sannprófar magngreinda losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum.
Ef stöðvar taka upp einhvers konar form mildunar, þ.m.t. kolefnisföngun eða notkun á endurnýjanlegu gasi eða lággolefnisgasi, er sú mildunarstarfsemi í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðkomandi þætti í þessum viðauka, eftir atvikum.
Ef koltvísýringur, sem væri að öðrum kosti losaður í raforkuframleiðsluferlinu, er fangaður í þeim tilgangi að geyma hann neðanjarðar er koltvísýringurinn fluttur og geymdur neðanjarðar í samræmi við tæknilegu matsviðmiðin sem sett eru fram í þáttum 5.11 og 5.12 í þessum viðauka,
- b) stöðvar, sem hafa fengið byggingarleyfi fyrir 31. desember 2030, uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - i. bein losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni er minni en 270 g CO₂ e/kWh af frálagsorku, eða árleg bein losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni er ekki meiri en sem nemur að meðaltali 550 kg CO₂ e/kWh af afkastagetu stöðvarinnar á 20 ára tímabili,
 - ii. ekki er hægt að framleiða þá orku sem skipta á út með endurnýjanlegum orkugjöfum, samkvæmt samanburðarmati við hagkvæmasta og tæknilega besta valkostinn fyrir sömu afkastagetu sem hefur verið tilgreind; niðurstöður þessa samanburðarmats eru birtar og bornar undir hagsmunaaðila,
 - iii. starfsemin kemur í stað fyrirbyggjandi raforkuframleiðslu með mikla losun, sem notar jarðefnaeldsneyti í föstu eða fljótandi formi,
 - iv. nýuppsett framleiðslugeta fer ekki meira en 15% yfir afkastagetu endurnýjaðrar stöðvar,
 - v. stöðin er hönnuð og byggð til að nota loftkennt eldsneyti sem er endurnýjanlegt og/eða lággolefniseldsneyti og skiptin yfir í fulla notkun á loftkenndu eldsneyti sem er endurnýjanlegt og/eða lággolefniseldsneyti eiga sér stað eigi síðar en 31. desember 2035, með skuldbindingu og sannprófanlegri áætlun sem stjórn fyrirtækisins samþykkir,
 - vi. útskiptingin leiðir til samdráttar á losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur a.m.k. 55% á líftíma nýuppsettrar framleiðslugetu,
 - vii. ef starfsemin fer fram á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem kol eru notuð til orkuframleiðslu, að það aðildarríki hafi skuldbundið sig til að hætta orkuframleiðslu úr kolum í áföngum og greint frá því í samþættri, landsbundinni orku- og loftslagsáætlun sinni, sem um getur í 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 (*8), eða í öðrum gerningi.

Óháður þriðji aðili staðfestir að þær viðmiðanir sem um getur í b-lið 1. liðar séu uppfylltar. Óháður þriðji aðili sem er sannprófaði skal hafa nauðsynleg tilföng og sérþekkingu til að framkvæma slíka sannprófun. Óháður þriðji aðili, sem er sannprófaði á ekki í neins konar hagsmunaaðilinum við eigandann eða fjármögnunaraðilann og hefur ekki afskipti af þróun eða rekstri starfseminnar. Óháður þriðji aðili sem er sannprófaði annast sannprófun á reglufylgni við tæknileg matsviðmið á kostgæfni. Einkum birtir óháður þriðji aðili og sendir framkvæmdastjórninni skýrslu árlega:

- a) með vottun á umfangi beinnar losunar gróðurhúsalofttegunda sem um getur í i. lið b-liðar í 1. lið,
-

- b) eftir atvikum, með mati á því hvort árleg bein losun gróðurhúsalofttegunda frá starfseminni sé í trúverðugu ferli til að uppfylla meðalviðmiðunarmörkin á 20 ára tímabili sem um getur í i. lið b-liðar í 1. lið,
c) með mati á því hvort starfsemin sé í trúverðugu ferli til að uppfylla ákvæði v. liðar b-liðar í 1. lið.

Við framkvæmd matsins, sem um getur í b-lið 1. liðar, skal óháður þriðji aðili sem er sannprófandi einkum taka tillit til fyrirhugaðrar árlegrar beinnar losunar gróðurhúsalofttegunda fyrir hvert ár á ferlinum, raunverulegrar árlegrar beinnar losunar gróðurhúsalofttegunda, fyrirhugaðra og raunverulegra rekstrarstunda og fyrirhugaðrar og raunverulegrar notkunar á endurnýjanlegu gasi eða lággölefnisgasi.

Framkvæmdastjórnin getur, á grundvelli þeirra skýrslna sem henni hafa borist, sent hlutaðeigandi stjórnendum álit sitt. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til þessara skýrslna þegar hún framkvæmir endurskoðunina sem um getur í 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

2. Starfsemin uppfyllir aðra hvora eftirfarandi viðmiðun:
- a) við bygginguna eru sett upp mælitæki til að vakta raunverulega losun, s.s. losun vegna metanleka, eða lekaskynjarar og viðgerðaáætlun innleidd,
b) við starfrækslu er greint frá raunmælingum á losun og komið í veg fyrir leka.
3. Ef loftkenndu jarðefnaeldsneyti er blandað saman við loftkennt eða fljótandi lífeldsneyti í starfseminni er lífmassinn úr landbúnaði, sem er notaður við framleiðsluna á lífeldsneytinu, í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. til 5. mgr. 29. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001 en skógarlífmassi [áður: lífmassi úr skógi] uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 6. og 7. mgr. 29. gr. þeirrar tilskipunar.

Ekki valda verulegu tjóni

2) Aðlögun að loftslagsbreytingum	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti A við þennan viðauka.
3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti B við þennan viðauka.
4) Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	Á ekki við
5) Mengunarvarnir og eftirlit með mengun	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti C við þennan viðauka. Losun fellur innan við eða undir svið losunargilda sem tengjast bestu aðgengilegu tækni samkvæmt nýjustu viðeigandi niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni, þ.m.t. niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni fyrir stór brennsluver. Engin umtalsverð yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa eiga sér stað. Að því er varðar brennsluver með varmafl sem er meira en 1 MW en undir viðmiðunarmörkunum fyrir niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem gilda fyrir stór brennsluver er losunin undir viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta II. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/2193.
6) Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti D við þennan viðauka.

4.30. Samþætt vinnsla á varma/kælingu og orku úr loftkenndu jarðefnaeldsneyti með góða orkunýtni

Lýsing á starfseminni

Uppbygging, endurnýjun og starfræksla samþættra varma/kælingar og raforkuvinnslustöðva þar sem notað er jarðefnaeldsneyti. Þessi starfsemi tekur ekki til samþættrar vinnslu á varma/kælingu og orku með góða orkunýtni, þar sem eingöngu er notað endurnýjanlegt, loftkennt og fljótandi eldsneyti sem ekki er jarðefnaeldsneyti, sem um getur í þætti 4.19 í þessum viðauka, og lífgas og fljótandi lífeldsneyti sem um getur í þætti 4.20 í þessum viðauka.

Atvinnustarfsemin í þessum flokki gæti tengst kóðum atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins D35.11 og D35.30 í samræmi við atvinnugreinaflokunina sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

Atvinnustarfsemi í þessum flokki er umbreytingarstarfsemi, eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þegar hún er í samræmi við tæknilegu matsviðmiðin sem sett eru fram í þessum þætti.

Tæknileg matsviðmið

Verulegt framlag til mótvægis við loftslagsbreytingar

1. Starfsemin uppfyllir aðra hvora eftirfarandi viðmiðun:

- a) losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum frá samþættri vinnslu varma/kælingar og raforku úr loftkenndu eldsneyti er minni en 100 g CO₂e á hvert 1 kWh orkufrálags úr samþættri vinnslu.

Losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum er reiknuð út á grundvelli verkefnissértækra gagna, ef þau eru tiltæk, með því að nota tilmæli 2013/179/ESB eða, að öðrum kosti, með því að nota ISO 14067:2018 eða ISO 14064-1:2018.

Óháður þriðji aðili sannprófar magngreinda losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum.

Ef stöðvar taka upp einhvers konar form mildunar, þ.m.t. kolefnisföngun eða notkun á endurnýjanlegu gasi eða lágkolefnisgasi, er sú mildunarstarfsemi í samræmi við viðkomandi þætti í þessum viðauka, eftir atvikum. Ef koltvísýringurinn, sem losnar við raforkuframleiðsluna, er fangaður skal hann uppfylla þau losunarmörk sem sett eru fram í 1. lið þessa liðar og fluttur og geymdur neðanjarðar þannig að hann uppfylli tæknileg matsviðmið fyrir flutning á koltvísýringi og geymslu hans, sem sett eru fram í liðum 5.11 og 5.12, eftir því sem við á, í þessum viðauka,

- b) stöðvar, sem hafa fengið byggingarleyfi fyrir 31. desember 2030, uppfylla eftirfarandi kröfur:

- i. með starfseminni næst fram a.m.k. 10% frumorkusparnaður, samanborið við tilvísanir í aðskilda framleiðslu á varma og raforku; frumorkusparnaður er reiknaður út á grundvelli formúlunnar sem er gefin í tilskipun 2012/27/ESB,
- ii. bein losun á gróðurhúsalofttegundum í starfseminni er minni en 270 g CO₂ e/kWh af frálagsorku,
- iii. ekki er hægt að framleiða þá orku og/eða hita/varma sem skipta á út með endurnýjanlegum orkugjöfum, samkvæmt samanburðarmati við hagkvæmasta og tæknilega besta valkostinn fyrir sömu afkastagetu sem hefur verið tilgreind; niðurstöður þessa samanburðarmats eru birtar og bornar undir hagsmunaaðila,
- iv. starfsemin kemur í stað fyrirliggjandi starfsemi við samþætta varma-/kælingar- og raforkuframleiðslu með mikla losun, starfsemi við aðskilda varma-/kælingarframleiðslu, eða starfsemi við aðskilda orkuframleiðslu þar sem notað er jarðefnaeldsneyti í föstu eða fljótandi formi,
- v. nýuppsett framleiðslugeta fer ekki yfir afkastagetu endurnýjaðar stöðvar,
- vi. stöðin er hönnuð og byggð til að nota loftkennt eldsneyti sem er endurnýjanlegt og/eða lágkolefniseldsneyti og skiptin yfir í fulla notkun á loftkenndu eldsneyti sem er endurnýjanlegt og/eða lágkolefniseldsneyti eiga sér stað eigi síðar en 31. desember 2035, með skuldbindingu og sannprófanlegri áætlun sem stjórn fyrirtækisins samþykkir,
- vii. útskiptingin leiðir til samdráttar á losun sem nemur a.m.k. 55% af gróðurhúsalofttegundum á hvert kWh af frálagsorku,
- viii. endurnýjun stöðvarinnar eykur ekki framleiðslugetu hennar,

- ix. ef starfsemin fer fram á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem kol eru notuð til orkuframleiðslu, að það aðildarríki hafi skuldbundið sig til að hætta orkuframleiðslu úr kolum í áföngum og greint frá því í samþættri, landsbundinni orku- og loftslagsáætlun sinni, sem um getur í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999, eða í öðrum gerningi.

Óháður þriðji aðili staðfestir að þær viðmiðanir sem um getur í b-lið 1. liðar séu uppfylltar. Óháður þriðji aðili sem er sannprófandi hefur nauðsynleg tilföng og sérþekkingu til að framkvæma slíka sannprófun. Óháður þriðji aðili, sem er sannprófandi á ekki í neins konar hagsmunaárekstrum við eigandann eða fjármögnunaraðilann og hefur ekki afskipti af þróun eða rekstri starfseminnar. Óháður þriðji aðili sem er sannprófandi annast sannprófun á reglufylgni við tæknileg matsviðmið af kostgæfni. Einkum birtir óháður þriðji aðili og sendir framkvæmdastjórninni skýrslu árlega:

- með vottun á umfangi beinnar losunar gróðurhúsalofttegunda sem um getur í ii. lið b-liðar í 1. lið,
- með mati á því hvort starfsemin sé í trúverðugu ferli til að uppfylla ákvæði vi. liðar b-liðar í 1. lið.

Framkvæmdastjórnin getur, á grundvelli þeirra skýrslna sem henni hafa borist, sent hlutaðeigandi stjórnendum álit sitt. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til þessara skýrslna þegar hún framkvæmir endurskoðunina sem um getur í 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

2. Starfsemin uppfyllir aðra hvora eftirfarandi viðmiðun:

- við byggingu eru sett upp mælitæki til að vakta raunverulega losun, þ.m.t. losun vegna metanleka, eða lekaskynjarar og viðgerðaáætlun innleidd,
- við starfrækslu er greint frá raunmælingum á losun og komið í veg fyrir hvers kyns leka.

Ekki valda verulegu tjóni

2) Aðlögun að loftslagsbreytingum	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti A við þennan viðauka.
3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti B við þennan viðauka.
4) Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	Á ekki við
5) Mengunarvarnir og eftirlit með mengun	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti C við þennan viðauka. Losun fellur innan við eða undir svið losunargilda sem tengjast bestu aðgengilegu tækni samkvæmt nýjustu viðeigandi niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni, þ.m.t. niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni fyrir stór brennsluver. Engin umtalsverð yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa eiga sér stað. Að því er varðar brennsluver með varmaafli sem er meira en 1 MW en undir viðmiðunarmörkunum fyrir niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem gilda fyrir stór brennsluver er losunin undir viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta II. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/2193.
6) Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti D við þennan viðauka.

4.31. Framleiðsla á varma/kælingu úr loftkenndu jarðefnaeldsneyti í orkunýtnu fjarhitunar- og -kælikerfi

Lýsing á starfseminni

Uppbygging, endurnýjun og starfræksla varmaframleiðslustöðva sem framleiða varma/kælingu með notkun loftkennds jarðefnaeldsneytis sem tengist orkunýttinni fjarhitun og -kælingu í skilningi 41. liðar 2. gr. tilskipunar 2012/27/ESB. Þessi starfsemi tekur ekki til framleiðslu á varma/kælingu í orkunýttinni fjarhitun, þar sem eingöngu er notað endurnýjanlegt, loftkennt og fljótandi eldsneyti sem ekki er jarðefnaeldsneyti, sem um getur í þætti 4.23 í viðaukanum, og lífgas og fljótandi lífildsneyti sem um getur í þætti 4.24 í þessum viðauka.

Starfsemin er flokkuð undir kóðanum D35.30 atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, í samræmi við atvinnugreinaflokkunina sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

Atvinnustarfsemi í þessum flokki er umbreytingarstarfsemi, eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þegar hún er í samræmi við tæknilegu matsviðmiðin sem sett eru fram í þessum þætti.

Tæknileg matsviðmið

Verulegt framlag til mótvægis við loftslagsbreytingar

1. Starfsemin uppfyllir aðra hvora eftirfarandi viðmiðun:

- a) Losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum frá framleiðslu á varma/kælingu úr loftkenndu eldsneyti er minni en 100 g CO₂e/kWh. Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum er reiknuð út með því að nota tilmæli 2013/179/ESB eða, að öðrum kosti, með því að nota ISO 14067:2018 eða ISO 14064-1:2018.

Óháður þriðji aðili sannprófar magngreinda losun gróðurhúsalofttegunda á vistferlinum.

Ef stöðvar taka upp einhvers konar form mildunar, þ.m.t. kolefnisföngun eða notkun á endurnýjanlegu gasi eða lágkolefnisgasi, er sú mildunarstarfsemi í samræmi við viðkomandi þætti í þessum viðauka, eftir atvikum. Ef koltvísýringurinn, sem losnar við raforkuframleiðsluna, er fangaður skal hann uppfylla þau losunarmörk sem sett eru fram í 1. lið þessa þáttar og fluttur og geymdur neðanjarðar þannig að hann uppfylli tæknileg matsviðmið fyrir flutning á koltvísýringi og geymslu hans, sem sett eru fram í þáttum 5.11 og 5.12, eftir því sem við á, í þessum viðauka,

- b) stöðvar, sem hafa fengið byggingarleyfi fyrir 31. desember 2030, uppfylla eftirfarandi kröfur:

- i. varmaorkan sem myndast við starfsemina er notuð í orkunýtnu fjarhitunar- og -kælikerfi eins og skilgreint er í tilskipun 2012/27/ESB,
- ii. bein losun á gróðurhúsalofttegundum í starfseminni er minni en 270 g CO₂ e/kWh af frálagsorku,
- iii. ekki er hægt að framleiða þann varma/kælingu sem skipta á út með endurnýjanlegum orkugjöfum, samkvæmt samanburðarmati við hagkvæmasta og tæknilega besta valkostinn fyrir sömu afkastagetu sem hefur verið tilgreind; niðurstöður þessa samanburðarmats eru birtar og bornar undir hagsmunaaðila,
- iv. starfsemin kemur í stað fyrirbyggjandi varma-/kælingarstarfsemi með mikla losun, sem notar jarðefnaeldsneyti í föstu eða fljótandi formi,
- v. nýuppsett framleiðslugeta fer ekki yfir afkastagetu endurnýjaðar stöðvar,
- vi. stöðin er hönnuð og byggð til að nota loftkennt eldsneyti sem er endurnýjanlegt og/eða lágkolefniseldsneyti og skiptin yfir í fulla notkun á loftkenndu eldsneyti sem er endurnýjanlegt og/eða lágkolefniseldsneyti eiga sér stað eigi síðar en 31. desember 2035, með skuldbindingu og sannprófanlegri áætlun sem stjórn fyrirtækisins samþykkir,
- vii. útskiptingin leiðir til samdráttar á losun sem nemur a.m.k. 55% af gróðurhúsalofttegundum á hvert kWh af frálagsorku,
- viii. endurnýjun stöðvarinnar eykur ekki framleiðslugetu hennar,
- ix. ef starfsemin fer fram á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem kol eru notuð til orkuframleiðslu, að það aðildarríki hafi skuldbundið sig til að hætta orkuframleiðslu úr kolum í áföngum og greint frá því í samþættri, landsbundinni orku- og loftslagsáætlun sinni, sem um getur í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999, eða í öðrum gerningi.

Óháður þriðji aðili staðfestir að þær viðmiðanir sem um getur í b-lið 1. liðar séu uppfylltar. Óháður þriðji aðili sem er sannprófaði skal hafa nauðsynleg tilföng og sérþekkingu til að framkvæma slíka sannprófun. Óháður þriðji aðili, sem er sannprófaði, á ekki í neins konar hagsmunaárekstrum við eigandann eða fjármögnunaraðilann og hefur ekki afskipti af þróun eða rekstri starfseminnar. Óháður þriðji aðili sem er sannprófaði annast sannprófun á reglufylgni við tæknileg matsviðmið af kostgæfni. Einkum birtir óháður þriðji aðili og sendir framkvæmdastjórninni skýrslu árlega:

- a) með vottun á umfangi beinnar losunar gróðurhúsalofttegunda sem um getur í ii. lið b-liðar í 1. lið,
- b) með mati á því hvort starfsemin sé í trúverðugu ferli til að uppfylla ákvæði vi. liðar b-liðar í 1. lið.

Framkvæmdastjórnin getur, á grundvelli þeirra skýrslna sem henni hafa borist, sent hlutaðeigandi stjórnendum álit sitt. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til þessara skýrslna þegar hún framkvæmir endurskoðunina sem um getur í 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

2. Starfsemin uppfyllir aðra hvora eftirfarandi viðmiðun:

- a) við byggingu eru sett upp mælitæki til að vakta raunverulega losun, s.s. losun vegna metanleka, eða lekaskynjarar og viðgerðaaætlun innleidd,
- b) við starfrækslu er greint frá raunmælingum á losun og komið í veg fyrir hvers kyns leka.

Ekki valda verulegu tjóni

2) Aðlögun að loftslagsbreytingum	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti A við þennan viðauka.
3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti B við þennan viðauka.
4) Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	Á ekki við
5) Mengunarvarnir og eftirlit með mengun	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti C við þennan viðauka. Losun fellur innan við eða undir svið losunargilda sem tengjast bestu aðgengilegu tækni samkvæmt nýjustu viðeigandi niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni, þ.m.t. niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni fyrir stór brennsluver. Engin umtalsverð yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa eiga sér stað. Að því er varðar brennsluver með varmaafli sem er meira en 1 MW en undir viðmiðunarmörkunum fyrir niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem gilda fyrir stór brennsluver er losunin undir viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta II. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/2193.
6) Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti D við þennan viðauka.

(¹) Tilskipun ráðsins 2009/71/KBE frá 25. júní 2009 um ramma Bandalagsins um öryggi kjarnorkuvirkja með tilliti til kjarnorku (Stjtið. ESB L 172, 2.7.2009, bls. 18).

(²) Tilskipun ráðsins 2011/70/KBE frá 19. júlí 2011 um ramma Bandalagsins um ábyrga og örugga stjórnun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi (Stjtið. ESB L 199, 2.8.2011, bls. 48).

(³) Tilskipun ráðsins 2013/59/KBE frá 5. desember 2013 um grundvallaröryggisstaðla um verndun gegn hættu af völdum váhrifa frá jónandi geislun, og um niðurfellingu á tilskipunum 89/618/KBE, 90/641/KBE, 96/29/KBE, 97/43/KBE og 2003/122/KBE (Stjtið. ESB L 13, 17.1.2014, bls. 1).

(⁴) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1).

(⁵) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

(⁶) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/851/KBE frá 24. október 2006 um stjórnun fjármagns til að loka kjarnorkuvirkjum og til að farga notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi (Stjtið. ESB L 330, 28.11.2006, bls. 31).

(⁷) Tilskipun ráðsins 2013/51/KBE frá 22. október 2013 um kröfur um heilsuvernd almennings að því er varðar geislavirk efni í neyslavatni (Stjtið. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 12).

(⁸) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).“

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi þáttum 4.26, 4.27, 4.28, 4.29, 4.30 og 4.31 er bætt við í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139:

„4.26. Forviðskiptastig háþróaðrar tækni til að framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis

Lýsing á starfseminni

Rannsóknir, þróun, sýniverkefni og uppbygging á nýjungum í raforkuframleiðslustöðvum, með leyfi frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna í samræmi við gildandi landslög, sem framleiða orku úr kjarnorkuvinnslu með lágmarksúrgangi frá hringrás eldsneytis.

Starfsemin er flokkuð undir kóðum M72 og M72.1 atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, í samræmi við atvinnugreinaflokkunina sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

Tæknileg matsviðmið

Verulegt framlag til aðlögunar að loftslagsbreytingum

1. Í starfseminni hefur verið komið í framkvæmd efnislegum og óefnislegum lausnum („aðlögunarlausnum“) sem draga verulega úr helstu efnislegu loftslagsáhættunni sem hefur mikla þýðingu fyrir þessa starfsemi.
 2. Efnisleg loftslagsáhætta sem hefur mikla þýðingu fyrir starfsemina hefur verið greind meðal þeirra sem eru skráðar í viðbæti A við þennan viðauka með því að framkvæma traust loftslagsáhættu- og veikleikamat með eftirfarandi skrefum:
 - a) skimun á starfseminni til að greina hvaða efnislega loftslagsáhætta úr skránni í viðbæti A við þennan viðauka getur haft áhrif á árangurinn af atvinnustarfseminni á væntum líftíma hennar,
 - b) ef metið er að starfsemin sé í áhættu vegna einnar eða fleiri efnislegrar loftslagsáhættu sem er skráð í viðbæti A við þennan viðauka, loftslagsáhættu- og veikleikamat til að meta hversu mikla þýðingu efnislega loftslagsáhættan hefur fyrir atvinnustarfsemina,
 - c) mat á aðlögunarlausnum sem geta dregið úr greindri efnislegri loftslagsáhættu.
Loftslagsáhættu- og veikleikamatið er í réttu hlutfalli við umfang starfseminnar og væntan líftíma hennar þannig að:
 - a) mat á starfsemi með væntan líftíma sem er styttri en 10 ár er a.m.k. framkvæmt með því að nota loftslagsframreikning með minnsta viðeigandi kvarða,
 - b) mat á allri annarri starfsemi er framkvæmt með því að nota nýjasta loftslagsframreikninginn með mestu fáanlegu upplausninni fyrir allar fyrirliggjandi framtíðarsviðsmyndir ⁽¹⁾ sem eru í samræmi við væntan líftíma starfseminnar, þ.m.t. sviðsmyndir samkvæmt loftslagsframreikningum til a.m.k. 10 til 30 ára fyrir meiri háttar fjárfestingar.
 3. Loftslagsframreikningar og mat á áhrifum byggjast á bestu starfsvenjum og tiltækum leiðbeiningum og tekið er tillit til nýjustu vísinda við veikleika- og áhættugreiningar og tengdra aðferða í samræmi við nýjustu skýrslur milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar ⁽²⁾, vísindalegt ritrýnt útgefið efni og líkön með opnum aðgangi ⁽³⁾ eða gegn greiðslu.
 4. Aðlögunarlausnir sem komið er í framkvæmd:
 - a) hafa ekki neikvæð áhrif á viðleitni til aðlögunar eða viðnám annars fólks, náttúru, menningararfleifðar, eigna og annarrar atvinnustarfsemi gegn efnislegri loftslagsáhættu,
-

⁽¹⁾ Framtíðarsviðsmyndir taka til dæmigerðra styrkferla milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar, RCP2.6, RCP4.5, RCP6.0 og RCP8.5.

⁽²⁾ Matsskýrslur um loftslagsbreytingar: „Impacts, Adaptation and Vulnerability“ (áhrif, aðlögun og veikleiki) sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar birtir reglulega, stofnun Sameinuðu þjóðanna sem leggur mat á vísindi sem tengjast loftslagsbreytingum, <https://www.ipcc.ch/reports/>.

⁽³⁾ Svo sem evrópska jarðfjarkönnunaráætlunin (Kópernikus) sem er undir stjórn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

- b) eru með náttúrumiðaðar lausnir ⁽⁴⁾ í forgangi eða treyst er á bláa eða græna innviði ⁽⁵⁾ að því marki sem mögulegt er,
- c) eru í samræmi við staðbundnar, geirabundnar, svæðisbundnar eða landsbundnar aðlögunarstefnur og -áætlanir,
- d) eru vaktaðar og mældar samkvæmt fyrirframskilgreindum vísnum og aðgerðir til úrbóta teknar til athugunar ef þessir vísar eru ekki uppfylltir,
- e) ef lausnin sem komið er í framkvæmd er efnisleg og samanstendur af starfsemi sem tæknileg matsviðmið hafa verið tilgreind fyrir í þessum viðauka er lausnin í samræmi við tæknileg matsviðmið um að valda ekki umtalsverðu tjóni fyrir þá starfsemi.
5. Starfsemin uppfyllir þau ákvæði sem mælt er fyrir um í KBE-sáttmála og þeirri löggjöf sem samþykkt er á grundvelli hans, einkum tilskipun 2013/59/KBE, tilskipun 2009/71/KBE og tilskipun 2011/70/KBE, sem og gildandi umhverfislöggjöf Sambandsins sem samþykkt er skv. 192. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum tilskipun 2011/92/ESB og tilskipun 2000/60/EB.
6. Starfsemin er í samræmi við landslöggjöf sem lögleiðir tilskipun 2009/71/KBE, þ.m.t. að því er varðar mat, með álagsprófum, á viðnámi kjarnorkuvera í Sambandinu gegn mikilli náttúruvá, þ.m.t. jarðskjálftum. Til samræmis við það fer starfsemin fram á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem rekstraraðili kjarnorkuvirkis:
- a) hefur lagt fram gögn um kjarnorkuöryggi, með umfang og nákvæmni í samræmi við mögulegt umfang og eðli þeirrar hættu sem skiptir máli fyrir kjarnorkuvirkið og svæði þess (b-liður 6. gr. tilskipunar 2009/71/KBE),
- b) hefur gert ítarlegar varnarráðstafanir til að tryggja, meðal annars, að dregið verði eins og kostur er úr áhrifum af miklum ytri náttúrulegum og ótilætluðum hættum af völdum manna (a-liður 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2009/71/KBE),
- c) hefur framkvæmt viðeigandi mat, sem er bundið við tiltekið svæði og kjarnorkuvirki, þegar hlutaðeigandi rekstraraðili sækir um leyfi til að byggja eða reka kjarnorkuver (a-liður 8. gr. c í tilskipun 2009/71/KBE).
- Starfsemin uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2009/71/KBE, sem studd er nýjustu alþjóðlegu leiðbeiningum Alþjóðakjarnorkumála-stofnunarinnar og Samtaka kjarnorkueftirlitsaðila í Vestur-Evrópu, sem stuðla að auknu viðnámi og getu nýrra og starfandi kjarnorkuvera til að takast á við mikla náttúruvá, þ.m.t. flód og öfgafull veðurskilyrði.

Ekki valda umtalsverðu tjóni

1) Mótvgægi við loftslagsbreytingar	Bein losun á gróðurhúsalofttegundum í starfseminni er minni en 270 g CO ₂ e/kWh.
3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti B við þennan viðauka. Áhætta vegna hnignunar umhverfisins sem tengist varðveislu vatnsgæða og til að komast hjá álagi á vatnsauðlindir er greind og tekið á henni, í samræmi við stjórnunaráætlun fyrir notkun og verndun vatnshlota sem er samin í samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Til að takmarka varmafrávik í tengslum við losun glatvarma skulu rekstraraðilar kjarnorkuvera inni í landi sem nota vota fríkælingu með gegnumstreymi með því að taka vatn úr ám eða stöðuvötnum, athuga: a) hámarkshita viðtökuferskvatnshlots eftir blöndun og b) hámarkshitastigsmun milli kælivatns sem er losað og viðtökuferskvatnshlots.

⁽⁴⁾ Náttúrumiðaðar lausnir eru skilgreindar sem „lausnir sem eru innblásnar og studdar af náttúrunni, sem eru kostnaðarhagkvæmar, hafa samtímis í för með sér umhverfislegan, félagslegan og efnahagslegan ávinning og hjálpa til við að auka viðnám. Slíkar lausnir hafa í för með sér meiri og fjölbreyttari náttúru og náttúrulega þætti og ferla inn í borgir, landslag og hafsvæði með staðaraðlöguðum, auðlindanýtnum og kerfistengdum ihlutunum“. Af þeim sökum nýtur líffræðileg fjölbreytni góðs af náttúrumiðuðum lausnum og þær styðja við veitingu margs konar vistkerfisþjónustu (útgáfa [samþykktardags]: https://ec.europa.eu/info/research-and-innovation/research-area/environment/nature-based-solutions_en/).

⁽⁵⁾ Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar: Grænir innviðir – að styrkja náttúruauð Evrópu, COM/2013/249 lokagerð.

	<p>Hitastýring er framkvæmd í samræmi við skilyrði rekstrarleyfis fyrir tiltekna starfrækslu, eftir atvikum, eða viðmiðunargildi í samræmi við regluramma ESB.</p> <p>Starfsemin uppfyllir staðla Iðnaðarsjóðsflokkunarinnar (e. <i>Industry Foundation Classes</i>).</p> <p>Kjarnorkustarfsemi er rekin í samræmi við kröfur um neysluvatn í tilskipun 2000/60/EB og tilskipun 2013/51/KBE um kröfur um heilsuvernd almennings að því er varðar geislavirk efni í neysluvatni.</p>
4) Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	<p>Áætlun um meðhöndlun bæði ógeislavirks og geislavirks úrgangs er til staðar og tryggir hámarksendurnotkun eða -endurvinnslu á slíkum úrgangi við lok vistferilsins í samræmi við úrgangsmetakerfið, þ.m.t. með samningsbundnu samkomulagi við samstarfsaðila um meðhöndlun úrgangs, endurspeglast í fjárhagslegum spám eða opinberum skjölum um verkefnið.</p> <p>Meðan á rekstri og niðurlagningu starfsemi stendur er magn geislavirks úrgangs lágmarkað og magn efniviða í fjálssa dreifingu er hámarkað í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og í samræmi við kröfurnar um geislavarnir sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Fjármögnunarkerfi er til staðar til að tryggja fullnægjandi fjármögnun niðurlagningar allrar starfsemi og fyrir meðhöndlun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og tilmæli 2006/851/KBE.</p> <p>Lokið er við mat á umhverfisáhrifum áður en kjarnorkuver er byggt, í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB. Tilskildum mótvægis- og jöfnunaráðstöfunum er komið í framkvæmd.</p> <p>Viðkomandi þættir í þessum hluta falla undir skýrslur aðildarríkja til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2011/70/KBE.</p>
5) Mengunarvarnir og eftirlit með mengun	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti C við þennan viðauka. Losun sem er ekki geislavirk fellur innan við eða undir svið losunargilda sem tengjast bestu aðgengilegu tækni samkvæmt niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni fyrir stór brennsluver. Engin umtalsverð yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa eiga sér stað.</p> <p>Að því er varðar kjarnorkuver með meira varmaafli en 1 MW en undir viðmiðunarmörkunum fyrir niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem gilda fyrir stór brennsluver er losunin undir viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta II. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/2193.</p> <p>Losun geislavirkra efna í loft, vatnshlot og í jörðu (jarðveg) er í samræmi við skilyrði um sértæk leyfi fyrir tiltekna aðgerðir, eftir atvikum, og/eða landsbundin viðmiðunargildi í samræmi við tilskipun 2013/51/KBE og tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Notað eldsneyti og geislavirkur úrgangur eru meðhöndluð á öruggan og ábyrgan hátt í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Nægilegt rými fyrir bráðabirgðageymslu er til staðar fyrir verkefnið en landsáætlanir um förgun eru til staðar til að lágmarka tímalengd bráðabirgðageymslu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 2011/70/KBE þar sem geymsla á geislavirkum úrgangi, þ.m.t. langtímageymsla, er talin vera bráðabirgðalausn en ekki staðgöngukostur fyrir förgun.</p>

6) Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti D við þennan viðauka.</p> <p>Lokið er við mat á umhverfisáhrifum áður en kjarnorkuver er byggt, í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB. Tilskildum mótvægis- og jöfnunaráðstöfunum er komið í framkvæmd.</p> <p>Að því er varðar staði/starfrækslu sem er(u) á eða nálægt svæðum sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni, sem er(u) líkleg(ir) til að hafa veruleg áhrif á svæði sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni (þ.m.t. Evrópunet verndarsvæða, heimsminjastaðir UNESCO og lykilsvæði líffræðilegrar fjölbreytni sem og önnur vernduð svæði), hefur viðeigandi mat, eftir atvikum, farið fram og nauðsynlegum mótvægisráðstöfunum verið komið í framkvæmd á grundvelli niðurstaðna þess.</p> <p>Staðirmir/starfrækslan skal ekki hafa skaðleg áhrif á varðveislustöðu neinna búsvæða eða tegunda sem er að finna á vernduðu svæðunum.</p>
--	--

4.27. Uppbygging og öruggur rekstur nýrra kjarnorkuvera, til að framleiða raforku og/eða varma, þ.m.t. til vetnisframleiðslu, með notkun bestu aðgengilegu tækni

Lýsing á starfseminni

Uppbygging og öruggur rekstur nýrra kjarnorkuvirkja, sem lögbær yfirvöld aðildarríkja hafa veitt byggingarleyfi fyrir árið 2045 í samræmi við gildandi landslög, fyrir framleiðslu á raforku eða vinnslu á varma, þ.m.t. fyrir fjarhitun eða iðnaðarferli á borð við vetnisframleiðslu (ný kjarnorkuvirki), ásamt öryggisuppfærslum.

Starfsemin er flokkuð undir kóðum D35.11 og F42.22 atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, í samræmi við atvinnugreinaflokkunina sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

Tæknileg matsviðmið

Verulegt framlag til aðlögunar að loftslagsbreytingum

1. Í starfseminni hefur verið komið í framkvæmd efnislegum og óefnislegum lausnum („aðlögunarlausnum“) sem draga verulega úr helstu efnislegu loftslagsáhættunni sem hefur mikla þýðingu fyrir þessa starfsemi.
2. Efnisleg loftslagsáhætta sem hefur mikla þýðingu fyrir starfsemina hefur verið greind meðal þeirra sem eru skráðar í viðbæti A við þennan viðauka með því að framkvæma traust loftslagsáhættu- og veikleikamat með eftirfarandi skrefum:
 - a) skimun á starfseminni til að greina hvaða efnislega loftslagsáhætta úr skránni í viðbæti A við þennan viðauka getur haft áhrif á árangurinn af atvinnustarfseminni á væntum líftíma hennar,
 - b) ef metið er að starfsemin sé í áhættu vegna einnar eða fleiri efnislegrar loftslagsáhættu sem er skráð í viðbæti A við þennan viðauka, loftslagsáhættu- og veikleikamat til að meta hversu mikla þýðingu efnislega loftslagsáhættan hefur fyrir atvinnustarfsemina,
 - c) mat á aðlögunarlausnum sem geta dregið úr greindri efnislegru loftslagsáhættu.

Loftslagsáhættu- og veikleikamatið er í réttu hlutfalli við umfang starfseminnar og væntan líftíma hennar þannig að:

- a) mat á starfsemi með væntan líftíma sem er styttri en 10 ár er a.m.k. framkvæmt með því að nota loftslagsframreikning með minnsta viðeigandi kvarða,
- b) mat á allri annarri starfsemi er framkvæmt með því að nota nýjasta loftslagsframreikninginn með mestu fánlegu upplausninni fyrir allar fyrirliggjandi framtíðarsviðsmyndir ⁽⁶⁾ sem eru í samræmi við væntan líftíma starfseminnar, þ.m.t. sviðsmyndir samkvæmt loftslagsframreikningum til a.m.k.10 til 30 ára fyrir meiri háttar fjárfestingar.

⁽⁶⁾ Framtíðarsviðsmyndir taka til dæmigerðra styrkferla milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar, RCP2.6, RCP4.5, RCP6.0 og RCP8.5.

3. Loftslagsframreikningar og mat á áhrifum byggjast á bestu starfsvenjum og tiltækum leiðbeiningum og tekið er tillit til nýjustu vísinda við veikleika- og áhættugreiningar og tengdra aðferða í samræmi við nýjustu skýrslur milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar ⁽⁷⁾, vísindalegt ritrýnt útgefið efni og líkön með opnum aðgangi ⁽⁸⁾ eða gegn greiðslu.
4. Aðlögunarlausnir sem komið er í framkvæmd:
 - a) hafa ekki neikvæð áhrif á viðleitni til aðlögunar eða viðnám annars fólks, náttúru, menningararfleifðar, eigna og annarrar atvinnustarfsemi gegn efnislegri loftslagsáhættu,
 - b) eru með náttúrumiðaðar lausnir ⁽⁹⁾ í forgangi eða treyst er á bláa eða græna innviði ⁽¹⁰⁾ að því marki sem mögulegt er,
 - c) eru í samræmi við staðbundnar, geirabundnar, svæðisbundnar eða landsbundnar aðlögunarstefnur og -áætlanir,
 - d) eru vaktaðar og mældar samkvæmt fyrirframskilgreindum vísnum og aðgerðir til úrbóta teknar til athugunar ef þessir vísar eru ekki uppfylltir,
 - e) ef lausnin sem komið er í framkvæmd er efnisleg og samanstendur af starfsemi sem tæknileg matsviðmið hafa verið tilgreind fyrir í þessum viðauka er lausnin í samræmi við tæknileg matsviðmið um að valda ekki umtalsverðu tjóni fyrir þá starfsemi.
5. Starfsemin uppfyllir þau ákvæði sem mælt er fyrir um í KBE-sáttmálanum og þeirri löggjöf sem samþykkt er á grundvelli hans, einkum tilskipun 2013/59/KBE, tilskipun 2009/71/KBE og tilskipun 2011/70/KBE, sem og gildandi umhverfislöggjöf Sambandsins sem samþykkt er skv. 192. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum tilskipun 2011/92/ESB og tilskipun 2000/60/EB.
6. Starfsemin er í samræmi við landslöggjöf sem lögleiðir tilskipun 2009/71/KBE, þ.m.t. að því er varðar mat, með álagsprófum, á viðnámi kjarnorkuvera í Sambandinu gegn mikilli náttúruvá, þ.m.t. jarðskjálftum. Til samræmis við það fer starfsemin fram á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem rekstraraðili kjarnorkuvirkis:
 - a) hefur lagt fram gögn um kjarnorkuöryggi, með gildissvið og nákvæmni í samræmi við mögulegt umfang og eðli þeirrar hættu sem skiptir máli fyrir kjarnorkuvirkið og svæði þess (b-liður 6. gr. tilskipunar 2009/71/KBE),
 - b) hefur gert ítarlegar varnarráðstafanir til að tryggja, meðal annars, að dregið verði eins og kostur er úr áhrifum af miklum ytri náttúrulegum og ótilætluðum hættum af völdum manna (a-liður 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2009/71/KBE),
 - c) hefur framkvæmt viðeigandi mat, sem er bundið við tiltekið svæði og kjarnorkuvirki, þegar hlutaðeigandi rekstraraðili sækir um leyfi til að byggja eða reka kjarnorkuver (a-liður 8. gr. c í tilskipun 2009/71/KBE).

Starfsemin uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2009/71/KBE, sem studd er nýjustu alþjóðlegu leiðbeiningum Alþjóðakjarnorkumála-stofnunarinnar og Samtaka kjarnorkuefirlitsaðila í Vestur-Evrópu, sem stuðla að auknu viðnámi og getu nýrra og starfandi kjarnorkuvera til að takast á við mikla náttúruvá, þ.m.t. flód og öfgafull veðurskilyrði.

Ekki valda verulegu tjóni

1) Mótvgægi við loftslagsbreytingar	Bein losun á gróðurhúsalofttegundum í starfseminni er minni en 270 g CO ₂ e/kWh.
3) Sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda	Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti B við þennan viðauka.

⁽⁷⁾ Matsskýrslur um loftslagsbreytingar: „Impacts, Adaptation and Vulnerability“ (áhrif, aðlögun og veikleiki) sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar birtir reglulega, stofnun Sameinuðu þjóðanna sem leggur mat á vísindi sem tengjast loftslagsbreytingum, <https://www.ipcc.ch/reports/>.

⁽⁸⁾ Svo sem evrópska jarðfjarkönnunaráætlunin (Kópernikus) sem er undir stjórn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

⁽⁹⁾ Náttúrumiðaðar lausnir eru skilgreindar sem „lausnir sem eru innblásnar og studdar af náttúrunni, sem eru kostnaðarhagkvæmar, hafa samtímis í för með sér umhverfislegan, félagslegan og efnahagslegan ávinning og hjálpa til við að auka viðnám. Slíkar lausnir hafa í för með sér meiri og fjölbreyttari náttúru og náttúrulega þætti og ferla inn í borgir, landslag og hafsvæði með staðaraðlöguðum, auðlindanýtnum og kerfistengdum ihlutunum.“ Af þeim sökum nýtur líffræðileg fjölbreytni góðs af náttúrumiðuðum lausnum og þær styðja við veitingu margs konar vistkerfisþjónustu (útgáfa [samþykktardags]: https://ec.europa.eu/info/research-and-innovation/research-area/environment/nature-based-solutions_en/).

⁽¹⁰⁾ Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar: Grænir innviðir – að styrkja náttúruauð Evrópu, COM/2013/24 lokagerð.

	<p>Áhætta vegna hnignunar umhverfisins sem tengist varðveislu vatnsgæða og til að komast hjá álagi á vatnsauðlindir er greind og tekið á henni, í samræmi við stjórnunaráætlun fyrir notkun og verndun vatnshlota sem er samin í samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila.</p> <p>Til að takmarka varmafrávik í tengslum við losun glatvarma skulu rekstraráðilar kjarnorkuvera inni í landi sem nota vota frikælingu með gegnumstreymi með því að taka vatn úr ám eða stöðuvötnum, athuga:</p> <p>a) hámarkshita viðtökuferskvatnshlots eftir blöndun og</p> <p>b) hámarkshitastigsmun milli kælivatns sem er losað og viðtökuferskvatnshlots.</p> <p>Hitastýring er framkvæmd í samræmi við skilyrði rekstrarleyfis fyrir tiltekna starfrækslu, eftir atvikum, og/eða viðmiðunargildi í samræmi við regluramma ESB.</p> <p>Starfsemin uppfyllir staðla Iðnaðarsjóðsflokkunarinnar (e. <i>Industry Foundation Classes</i>).</p> <p>Kjarnorkustarfsemi er rekin í samræmi við kröfur um neysluvatn í tilskipun 2000/60/EB og tilskipun 2013/51/KBE um kröfur um heilsuvernd almennings að því er varðar geislavirk efni í neysluvatni.</p>
4) Umskipti yfir í hringrásarhagkerfi	<p>Áætlun um meðhöndlun bæði ógeislavirks og geislavirks úrgangs er til staðar og tryggir hámarksendurnotkun eða -endurvinnslu á slíkum úrgangi við lok vistferilsins í samræmi við úrgangsmetakerfið, þ.m.t. með samningsbundnu samkomulagi við samstarfsaðila um meðhöndlun úrgangs, endurspeglast í fjárhagslegum spám eða opinberum skjölum um verkefnið.</p> <p>Meðan á rekstri og niðurlagningu starfsemi stendur er magn geislavirks úrgangs lágmarkað og magn efniviða í fjálssa dreifingu er hámarkað í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og í samræmi við kröfurnar um geislavarnir sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Fjármögnunarkerfi er til staðar til að tryggja fullnægjandi fjármögnun niðurlagningar allrar starfsemi og fyrir meðhöndlun á notuðu eldsneyti og geislavirkum úrgangi í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og tilmæli 2006/851/KBE.</p> <p>Lokið er við mat á umhverfisáhrifum áður en kjarnorkuver er byggt, í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB. Tilskildum mótvægis- og jöfnunaráðstöfunum er komið í framkvæmd.</p> <p>Viðkomandi þættir í þessum hluta falla undir skýrslur aðildarríkja til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2011/70/KBE.</p>
5) Mengunarvarnir og eftirlit með mengun	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti C við þennan viðauka. Losun sem er ekki geislavirk fellur innan við eða undir svið losunargilda sem tengjast bestu aðgengilegu tækni samkvæmt niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni fyrir stór brennsluver. Engin umtalsverð yfirfærsluáhrif milli umhverfishólfa eiga sér stað.</p>

	<p>Að því er varðar kjarnorkuver með meira varmaafli en 1 MW en undir viðmiðunarmörkunum fyrir niðurstöðurnar um bestu aðgengilegu tækni sem gilda fyrir stór brennsluver er losunin undir viðmiðunarmörkunum fyrir losun sem sett eru fram í 2. hluta II. viðauka við tilskipun (ESB) 2015/2193.</p> <p>Losun geislavirkra efna í loft, vatnshlot og í jörðu (jarðveg) er í samræmi við skilyrði um sértæk leyfi fyrir tilteknar aðgerðir, eftir atvikum, og/eða landsbundin viðmiðunargildi í samræmi við tilskipun 2013/51/KBE og tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Notað eldsneyti og geislavirkur úrgangur eru meðhöndluð á öruggan og ábyrgan hátt í samræmi við tilskipun 2011/70/KBE og tilskipun 2013/59/KBE.</p> <p>Nægilegt rými fyrir bráðabirgðageymslu er til staðar fyrir verkefnið en landsáætlanir um förgun eru til staðar til að lágmarka tímalengd bráðabirgðageymslu, í samræmi við ákvæði tilskipunar 2011/70/KBE þar sem geymsla á geislavirkum úrgangi, þ.m.t. langtímageymsla, er talin vera bráðabirgðalausn en ekki staðgöngukostur fyrir förgun.</p>
6) Vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa	<p>Starfsemin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðbæti D við þennan viðauka.</p> <p>Lokið er við mat á umhverfisáhrifum áður en kjarnorkuver er byggt, í samræmi við tilskipun 2011/92/ESB. Tilskildum mótvægis- og jöfnunaráðstöfunum er komið í framkvæmd.</p> <p>Að því er varðar staði/starfrækslu sem er(u) á eða nálægt svæðum sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni, sem er(u) líkleg(ir) til að hafa veruleg áhrif á svæði sem eru viðkvæm m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni (þ.m.t. Evrópunet verndarsvæða, heimsminjastaðir UNESCO og lykilsvæði líffræðilegrar fjölbreytni sem og önnur vernduð svæði), hefur viðeigandi mat, eftir atvikum, farið fram og nauðsynlegum mótvægisráðstöfunum verið komið í framkvæmd á grundvelli niðurstaðna þess.</p> <p>Staðimir/starfrækslan skal ekki hafa skaðleg áhrif á varðveislustöðu neinna búsvæða eða tegunda sem er að finna á vernduðu svæðunum.</p>

4.28. Raforkuframleiðsla með kjarnorku í stöðvum sem fyrir eru

Lýsing á starfseminni

Breytingar á kjarnorkuvirkjum sem fyrir eru vegna stækkunar, sem lögbær yfirvöld aðildarríkja hafa heimilað fyrir árið 2040 í samræmi við gildandi landslög, á þjónustutíma fyrir öruggan rekstur kjarnorkuvirkja sem framleiða raforku eða varma úr kjarnorku („kjarnorkuver“).

Starfsemin er flokkuð undir kóðum D35.11 og F42.2 atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, í samræmi við atvinnugreinaflokkunina sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1893/2006.

Tæknileg matsviðmið

Verulegt framlag til aðlögunar að loftslagsbreytingum

- Í starfseminni hefur verið komið í framkvæmd efnislegum og óefnislegum lausnum („aðlögunarlausnum“) sem draga verulega úr helstu efnislegu loftslagsáhattunni sem hefur mikla þýðingu fyrir þessa starfsemi.
- Efnisleg loftslagsáhatta sem hefur mikla þýðingu fyrir starfsemina hefur verið greind meðal þeirra sem eru skráðar í viðbæti A við þennan viðauka með því að framkvæma traust loftslagsáhattu- og veikleikamat með eftirfarandi skrefum:
 - skimun á starfseminni til að greina hvaða efnislega loftslagsáhatta úr skránni í viðbæti A við þennan viðauka getur haft áhrif á árangurinn af atvinnustarfseminni á væntum líftíma hennar,
 - ef metið er að starfsemin sé í áhættu vegna einnar eða fleiri efnislegrar loftslagsáhattu sem er skráð í viðbæti A við þennan viðauka, loftslagsáhattu- og veikleikamat til að meta hversu mikla þýðingu efnislega loftslagsáhattan hefur fyrir atvinnustarfsemina,

-
- c) mat á aðlögunarlausnum sem geta dregið úr greindri efnislegri loftslagsáhættu.
- Loftslagsáhættu- og veikleikamatið er í réttu hlutfalli við umfang starfseminnar og væntan líftíma hennar þannig að:
- mat á starfsemi með væntan líftíma sem er styttri en 10 ár er a.m.k. framkvæmt með því að nota loftslagsframreikning með minnsta viðeigandi kvarða,
 - mat á allri annarri starfsemi er framkvæmt með því að nota nýjasta loftslagsframreikninginn með mestu fánlegu upplausninni fyrir allar fyrirliggjandi framtíðarsviðsmyndir ⁽¹⁾ sem eru í samræmi við væntan líftíma starfseminnar, þ.m.t. sviðsmyndir samkvæmt loftslagsframreikningum til a.m.k.10 til 30 ára fyrir meiri háttar fjárfestingar.
3. Loftslagsframreikningar og mat á áhrifum byggjast á bestu starfsvenjum og tiltækum leiðbeiningum og tekið er tillit til nýjustu vísinda við veikleika- og áhættugreiningar og tengdra aðferða í samræmi við nýjustu skýrslur milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar ⁽²⁾, vísindalegt ritrýnt útgefið efni og líkön með opnum aðgangi ⁽³⁾ eða gegn greiðslu.
4. Aðlögunarlausnir sem komið er í framkvæmd:
- hafa ekki neikvæð áhrif á viðleitni til aðlögunar eða viðnám annars fólks, náttúru, menningararfleifðar, eigna og annarrar atvinnustarfsemi gegn efnislegri loftslagsáhættu,
 - eru með náttúrumiðaðar lausnir ⁽⁴⁾ í forgangi eða treyst er á bláa eða græna innviði ⁽⁵⁾ að því marki sem mögulegt er,
 - eru í samræmi við staðbundnar, geirabundnar, svæðisbundnar eða landsbundnar aðlögunarstefnur og -áætlanir,
 - eru vaktadar og mældar samkvæmt fyrirframskilgreindum vísnum og aðgerðir til úrbóta teknar til athugunar ef þessir vísar eru ekki uppfylltir,
 - ef lausnin sem komið er í framkvæmd er efnisleg og samanstendur af starfsemi sem tæknileg matsviðmið hafa verið tilgreind fyrir í þessum viðauka er lausnin í samræmi við tæknileg matsviðmið um að valda ekki umtalsverðu tjóni fyrir þá starfsemi.
5. Starfsemin uppfyllir þau ákvæði sem mælt er fyrir um í KBE-sáttmálanum og þeirri löggjöf sem samþykkt er á grundvelli hans, einkum tilskipun 2013/59/KBE, tilskipun 2009/71/KBE og tilskipun 2011/70/KBE, sem og gildandi umhverfislöggjöf Sambandsins sem samþykkt er skv. 192. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, einkum tilskipun 2011/92/ESB og tilskipun 2000/60/EB,
6. Starfsemin er í samræmi við landslöggjöf sem lögleiðir tilskipun 2009/71/KBE, þ.m.t. að því er varðar mat, með álagsprófum, á viðnámi kjarnorkuvera í Sambandinu gegn mikilli náttúruvá, þ.m.t. jarðskjálftum. Til samræmis við það fer starfsemin fram á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem rekstraraðili kjarnorkuvirkis:
- hefur lagt fram gögn um kjarnorkuöryggi, með gildissvið og nákvæmni í samræmi við mögulegt umfang og eðli þeirrar hættu sem skiptir máli fyrir kjarnorkuvirkið og svæði þess (b-liður 6. gr. tilskipunar 2009/71/KBE),
-

⁽¹⁾ Framtíðarsviðsmyndir taka til dæmigerðra styrkferla milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar, RCP2.6, RCP4.5, RCP6.0 og RCP8.5.

⁽²⁾ Matsskýrslur um loftslagsbreytingar: „Impacts, Adaptation and Vulnerability“ (áhrif, aðlögun og veikleiki) sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar birtir reglulega, stofnun Sameinuðu þjóðanna sem leggur mat á vísindi sem tengjast loftslagsbreytingum, <https://www.ipcc.ch/reports/>.

⁽³⁾ Svo sem evrópska jarðfjarkönnunaráætlunin (Kópernikus) sem er undir stjórn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

